FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
3. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 4. JANÚAR 2017



**Héldu til veiða** Ekki sést til lands í kjaradeilu sjómanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Áætlað er að verkfallið hafi kostað þjóðarbúið tíu milljarða. Meint verkfallsbrot kom upp í gær þegar Sigurfari GK og Siggi Bjarna, gerðir út af Nesfiski, héldu til veiða. Grunur leikur á að skipstjóri og vélstjórnarmenn hafi gengið í önnur störf á skipunum. Skipin komu í land í Sandgerði í gær og var þessi mynd tekin af því tilefni. Á bryggjunni tók formaður verkalýðsfélagsins á móti skipinu með hálfrar milljónar króna sekt í hendi. VÍKURFRÉTTIR/HILMAR

# Bregðast verður við samkeppni frá eldi

**Fyrir nokkrum áratugum var hlutdeild Íslands í sölu á hvítfiski um tíu prósent á heimsvísu en gæti orðið um eitt prósent innan fárra ára. Samkeppni frá eldisfiski eykst stöðugt. Samvinna við aðrar þjóðir er talin eina lausnin ef halda á í horfinu á mörkuðum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Allt bendir til þess sífellt harðnandi samkeppni bíði þeirra sem veiða og selja villtan Atlantshafsþorsk. Ekki þarf að leita langt aftur til að finna tíma þegar Íslendingar voru með tíu prósent af framboði hvítfisks í heiminum – á sama tíma er því jafnframt spáð að innan fjögurra ára verði það hlutfall einungis eitt prósent.

Í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans er þeirri spurningu velt upp hvort efla ætti samstarf þjóða við Norður-Atlantshaf um markaðssetningu á villtum þorski – Íslendinga ásamt Norðmönnum, Færeyingum og Rússum. Í greiningu Sjávarklasans er bent á að hvítfiskeldi sæki mjög í sig veðrið um þessar mundir og hugsanlegt er að aukið framboð af eldisfiski muni hafa áhrif á markað með villta hvítfiskstofna.

Í greiningunni segir að Íslendingar geti ugglaust selt þorskinn áfram sem hágæðavöru og á góðu verði. Hættan sé hins vegar sú að áfram fækki kaupendum dýrrar matvöru í Evrópu þar sem efnahagslíf stærstu markaðssvæða Íslands hefur átt undir högg að sækja.

> Svona samstarf þarf meðal annars að eiga sér stað í gegnum öflug fyrirtæki í greininni
>
> Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans



Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans, telur að formlegt samstarf með stofnun sérstaks fyrirtækis um ímyndar- og markaðsmál Atlantshafsþorsksins væri líklega farsælasta leiðin. „Ég tel að best væri að hefjast handa með markaðsverkefni á tilteknu svæði eða landi í Asíu.

Svona samstarf þarf meðal annars að eiga sér stað í gegnum öflug fyrirtæki í greininni. Ég held að það samstarf sem hófst með Arctic Circle hérlendis, og sú athygli sem sá vettvangur hefur fengið, sýni að það liggi mörg tækifæri í fjölþjóðlegu samstarfi á norðurslóðum.“

– shá / sjá síðu 8

## Andar köldu í heimi hönnunar

**LÍFIÐ** Það andar köldu á milli hönnuðanna Lindu Bjargar Árnadóttur og Andreu Magnúsdóttur eftir að sú fyrrnefnda sakaði Andreu um að herma eftir sinni hönnun. Mynstur sem skreytir flíkur frá merkinu AndreA er líkt mynstri sem Linda hannaði. „Mér þykir þetta leiðinlegt og finnst vanta upp á virðingu fyrir verkum hönnuða og skilning á því að verk þeirra eru hugverk,“ segir Linda.

Andrea gefur lítið fyrir útskýringar Lindu. „Þetta mynstur er okkar, við erum búin að vinna með þetta í nokkur ár í mismunandi útgáfum. Það er fulllangt gengið að saka okkur um hugverkaþjófnað,“ segir hún og bætir við að það sé hennar skoðun að fatahönnun á Íslandi eigi að byggja á samstöðu frekar en sundrungu.

- gha / sjá síðu 28

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Íslensk valdastétt hefur staðið af sér Panamahneykslið skrifar Torfi H. Tulinius. 13

**SPORT** Fjórir leikmenn hafa gefið flestar stoðsendingar. 18

**MENNING** Leikdómur um átakalítil örlög Sölku Völku Borgarleikhússins. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Dale Carnegie



Umbreytingin hefst hér

Ókeypis kynningartími
4. janúar kl. 20.00

Ármúli 11, 3. hæð
Skráning á: www.dale.is

LYFJA
– Lífið heil

Heilsutjútt
4.–15. janúar
Fjöldi tilboða í bæklingi Lyfju

Allt að 30% AFSLÁTTUR af heilsuvörum

www.lyfja.is

## Veður




Sunnan 8-13 í dag. Snjókoma og síðar slydda eða rigning sunnan- og vestanlands en þurrt á NA- og A-landi. Hlýnandi veður.



**Erfiðleikar eru í rekstri einkarekinna fjölmiðla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ræða rekstur fjölmiðlanna

**STJÓRNSÝSLA** Björgvin Guðmundsson, eigandi almannatengslaskrifstofunnar KOM og fyrrverandi ritstjóri Viðskiptablaðsins, er formaður nefndar sem fjallar um rekstrarstöðu einkarekinna fjölmiðla. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, skipaði hópinn í framhaldi af því að fulltrúar einkarekinna fjölmiðla vöktu athygli á erfiðleikum sem blasa við í rekstri þeirra. Skorað var á stjórnvöld að gera breytingar á íslenskri löggjöf til þess að jafna samkeppnisstöðu félaga á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Auk Björgvins sitja í nefndinni þau Elfa Ýr Gylfadóttir, Hlynur Ingason, Soffía Haraldsdóttir og Svanbjörn Thoroddsen. **– jhh**

# Reyndu að gera reifarakaup




**Útsölur eru hafnar í flestum verslunum eftir að nýtt ár gekk í garð og reyna margir að nýta tækifærið til að gera góð kaup. Mannmargt var af þeim sökum í verslunarmiðstöðvum og verslunum borgarinnar í gær þegar ljósmyndari blaðsins átti þar leið um.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ók lyftara próflaus um götur Hafnar í Hornafirði

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur karlmaður var dæmdur í fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Austurlands, undir lok síðasta árs, fyrir að aka lyftara um götur Hafnar í Hornafirði án þess að vera með ökuréttindi.

Maðurinn ók lyftaranum frá mjölbræðslu Skinneyjar-Þinganess að sorplosunarstöð bæjarins við Sæbraut. Á leiðinni til baka stöðvaði lögreglan akstur mannsins.

Maðurinn mætti ekki fyrir dóminn við þingfestingu og boðaði ekki forföll. Fjarvist hans var metin til jafns við það að hann viðurkenndi brot sitt.

Frá árinu 2004 hefur maðurinn í sjö skipti hlotið dóm og fimm sinnum gengist undir sátt hjá lögreglustjóra fyrir brot gegn umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Í mars 2015 var hann sviptur ökuréttindum ævilangt. Með tilliti til þess var refsing hans ákveðin fjögurra mánaða fangelsisvist og þótti ekki tilefni til að skilorðsbinda hana. **– jóe**



**Maðurinn hafði áður verið sviptur ökurétti ævilangt vegna fyrri brota. Maðurinn og lyftarinn á myndinni tengjast fréttinni ekki.** VÍSIR/GETTY

# Riftunin hefur ekki áhrif á starfsemi Fáfnis

**Norskt skipasmíðafyrirtæki hefur rift samningi sínum við íslenska fyrirtækið Polar Maritime sem er dótturfélag Fáfnis Offshore. Samningurinn var upphaflega gerður við Fáfni. Riftunin hefur ekki áhrif að sögn stjórnarformanns.**

**VIÐSKIPTI** Norska skipasmíðastöðin Havyard Ship Technology tilkynnti í gær um að hún hefði rift samningi við Polar Maritime ehf. um smíði á Fáfni Viking, nýju skipi þess. Polar Maritime er dótturfélag Fáfnis Offshore. Stjórnarformaður Fáfnis segir að þetta muni ekki hafa nein áhrif á félagið.

Ástæða riftunarinnar er sú að Fáfni hefur reynst erfitt að finna verkefni fyrir skipið. Lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu skiptir þar miklu máli. Skipið var hugsað til að þjónusta olíuiðnað og vinnslu í Norðursjó. Án verkefna hefur lánsfjármögnun reynst ómöguleg. Hækkun á síðustu mánuðum hefur ekki dugað til að skapa verkefni fyrir skipið.

Samningur Havyard og Fáfnis um smíði Fáfnis Viking var gerður í apríl 2014 en kostnaður við smíðina var áætlaður 350 milljónir norskra króna. Það er andvirði rúmlega 4,6 milljarða íslenskra króna á gengi dagsins í dag en miðað við stöðuna þá var áætlaður kostnaður 6,6 milljarðar. Upphaflega átti að afhenda skipið í mars 2016 en því var síðan frestað í tvígang, fyrst til júní 2017 og síðar til apríl 2019.

Vinnu við skipið hafði verið hætt á haustmánuðum ársins 2015 og hefur skel þess staðið nær óhreyfð frá þeim tíma. Skipasmíðastöðin mun krefjast þess að Fáfnir Viking verði seldur upp í skuldir Polar Maritime við sig. Þá er að auki farið fram á greiðslu bóta vegna vanefnda á samningnum.

„Þetta hefur engin áhrif á rekstur Fáfnis Offshore,“ segir Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis. Jóhannes tók við stjórnarformennsku félagsins af Bjarna Ármannssyni í upphafi síðasta árs.

„Smíðaverkefnið var aðskilið frá Fáfni með samningum sem gerðir voru í mars 2015. Það er því í sér félagi. Á milli félaganna er engin ábyrgð eða skuldbindingar og smíðin því algerlega einangruð,“ segir Jóhannes.

Fyrir á Fáfnir Offshore skipið Polarsyssel en það var sjósett í mars árið 2014. Skipið er hið stærsta í Íslandssögunni en smíði þess kostaði 7,3 milljarða króna. Sem stendur er það brúkað til birgðaflutninga og til eftirlits við Svalbarða.

**johannoli@frettabladid.is**



**Fáfnir Viking er sem stendur aðeins skelin ein en átti að líta svona út.** MYND/FÁFNIR

> **Smíðaverkefnið var aðskilið frá Fáfni með samningum sem gerðir voru í mars 2015. Það er því í sér félagi. Á milli félaganna er engin ábyrgð eða skuldbindingar og smíðin því algerlega einangruð**
>
> Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis Offshore




# BRIDS SKÓLINN




skráning hafin á vornámskeið ...

**stig 1** Námskeið fyrir byrjendur
hefst 23. janúar 8 mánudagar frá 20-23

**stig 3** Spilatækni sagnhafa
hefst 25. janúar 8 miðvikudagar frá 20-23

- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Staður: Síðumúli 37 (Bridgesamband Íslands).
- Sjá nánar á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Upplýsingar og innritun í síma ... 898-5427

## GAMMA TOTAL RETURN FUND:

# 14,73% ávöxtun árið 2016

Árið 2016 skilaði *Total Return Fund* **14,73% ávöxtun.** Það er **besta ávöxtun** í samanburði við aðra sambærilega sjóði á íslenskum fjármálamarkaði, samkvæmt vefsvæðinu keldan.is en ávöxtun annarra blandaðra sjóða var -1% til 6%.

*Total Return Fund* er fjárfestingarsjóður hjá GAMMA, opinn fyrir alla fjárfesta og hugsaður til millilangs eða langs tíma.

### SÖGULEG ÁVÖXTUN




### EIGNADREIFING SEM SKILAR ÁRANGRI




### SJÓÐSSTJÓRI *TOTAL RETURN FUND*



Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, er framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA og hefur verið hjá GAMMA frá 2009. Valdimar hefur 17 ára starfsreynslu á fjármálamörkuðum og starfaði áður hjá ABN AMRO í London og New York og hjá RBS í New York.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS**

GAMMA
**REYKJAVÍK / LONDON**

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA. Sjóðurinn er deild í fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað. Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hætta á verðsveiflum. *Viðmiðunarvísitala er heildarvísitala markaðar GAMMA: Multi Asset Index – sjá nánari upplýsingar á www.gamma.is/visitolur.

# Beint af fæðingardeildinni í húsnæði Kvennaathvarfsins

**SAMFÉLAG** Í skýrslu Kvennaathvarfsins fyrir árið 2016 kemur fram að á nýliðnu ári dvöldu 195 íbúar í Kvennaathvarfinu, 116 konur og 79 börn. Að meðaltali dvöldu 18 íbúar í húsinu á degi hverjum, níu konur og níu börn, en aðeins einu sinni í 34 ára sögu athvarfsins hefur þetta meðaltal verið hærra. Sum börn voru aðeins nokkura daga gömul þegar þau komu og sum komu beint af fæðingardeildinni.

Elsta konan sem kom í viðtal eða dvöl var 86 ára en sú yngsta aðeins 15 ára. Konurnar komu frá 39 löndum en 70 prósent sem leituðu á náðir



Sú yngsta sem kom í kvennaatkvarfið var 15 ára en sú elsta 82 ára. Alls bjuggu 340 börn undir 18 ára aldri á ofbeldisheimilunum. MYND/GETTY

athvarfsins voru íslenskar, þar af voru um 70 prósent af þeim af höfuðborgarsvæðinu. Konur af erlendum uppruna dvelja alla jafna lengur í athvarfinu. Fleiri konur en áður fóru úr landi og er þar um að ræða konur af erlendum uppruna sem fóru aftur til heimalandsins.

Konurnar voru oftast að flýja ofbeldi en um 80 prósent ofbeldismannanna voru Íslendingar. Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 18-82 ára.

Konur og börn dvöldu í athvarfinu allt frá einum degi upp í 205 daga. Konur dvöldu að meðaltali í 28 daga og hefur meðaldvöl aldrei verið lengri. Konur með börn dvöldu alla jafna lengur en að meðaltali dvaldi hvert barn í athvarfinu í 41 dag.

Um 22 prósent kvennanna voru með líkamlega áverka við komuna. Fleiri konur en áður koma vegna hvatningar frá lögreglu og/eða félagsráðgjafa.

Á ofbeldisheimilunum sem konurnar komu frá bjuggu að minnsta kosti 340 börn undir 18 ára aldri. Í skýrslunni segir að innan við 30 prósent þeirra hafi fengið einhverja hjálp til að takast á við afleiðingar ofbeldisins. – bb



Tveir létust í umferðinni árið 2015 skömmu eftir að hafa endurnýjað ökuréttindi sín. Báðir glímdu við heilbrigðisvanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vinnuhópur um endurnýjun ökuréttinda

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðisráðherra hefur falið landlækni að skipa vinnuhóp til að fjalla um ökuleyfi og veikindi og hvernig sé hægt að bæta skipulag hvað þau mál varðar. Með þessu vill ráðherra bregðast við athugasemdum Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Í tveimur nýlegum skýrslum nefndarinnar var fjallað um tvö banaslys þar sem ökumenn, sem glímdu við heilbrigðisvanda, létust eftir umferðarslys. Þeir höfðu báðir nýlega endurnýjað ökuréttindi sín.

Vegna þessa lagði nefndin til að verkferlar í tengslum við ákvæði um heilbrigðiskröfur yrðu kannaðir. Einnig er lagt til að aðstandendur sjúklinga geti tilkynnt yfirvöldum ef grunur leikur á að ökuhæfi einstaklings sé skert vegna veikinda.

Vinnuhópur landlæknis skal skila tillögum til heilbrigðisráðherra fyrir 1. júní 2017. – jóe

# Reykjavík er nú orðin fjórða mesta amfetamínborg Evrópu

**Amfetamín flæðir um skólpkerfi borgarinnar og með tækni er hægt að mæla notkun eiturlyfja í borginni. Í rannsókn þar sem 60 borgir voru skoðaðar í Evrópu sést að Reykjavík er fjórða stærsta amfetamínborg álfunnar. Í Reykjavík er notkun á amfetamíni stöðug yfir vikuna en neysla á kókaíni fer upp um helgar.**

**SAMFÉLAG** Mikil neysla er á amfetamíni í Reykjavík og skiptir engu máli hvaða vikudagur er skoðaður. Neyslan er stöðug yfir alla vikuna. Þetta sýnir ný rannsókn Arndísar Sue-Ching Löve í lyfja- og eiturefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin verður kynnt ásamt fjölda annarra rannsókna á 18. ráðstefnunni í líf- og heilbrigðisvísindum.

Hún helst í hendur við skýrslu eftirlitsmiðstöðvar Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn þar sem kom fram að Reykjavík sé fjórða mesta amfetamínborg Evrópu. Aðeins íbúar Antwerpen í Belgíu og þýsku borganna Dülmen og Dortmund nota meira amfetamín en Reykvíkingar.

Arndís notaðist við svokallaða faraldsfræði frárennslisvatns sem er aðferðafræði sem notuð er til að meta notkun fíkniefna þar sem litið er á frárennslisvatn sem samansafn þvagsýna frá heilu samfélagi. Með henni er hægt að meta fíkniefnanotkun á fljótvirkari og nákvæmari hátt en með hefðbundnari aðferðum. Rannsóknin hefur staðið yfir í tvö ár í samstarfi við Verkís og Veitur en markmið hennar er að athuga hvort þessi aðferðafræði sé nýtileg hér á landi og hvort hún gæti veitt viðbótarupplýsingar við núverandi aðferðir.

Arndís safnaði sýnum með sjálfvirkum sýnatökubúnaði frá Skerjafjarðarveitu og Sundaveitu og skoðaði hún eina viku um sumarið 2015 og þrjár vikur síðasta vor. Hún framkvæmdi magngreiningu á algengum fíkniefnum ásamt metýlfenídati,



Mikil neysla er á eiturlyfinu amfetamíni í Reykjavík alla daga vikunnar. MYND/GETTY

> Það sem kom okkur mest á óvart var að öll algengustu fíkniefnin voru vel mælanleg í frárennsli frá Reykjavík.
>
> Arndís Sue-Ching Löve






sem er virka efnið í Concerta, lyfi sem er notað við ADHD.

Á tímabilunum sem mæld voru sést að amfetamín er mest notaða eiturlyfið í Reykjavík. Kókaín, kannabis og MDMA fylgja þar á eftir. Notkun á amfetamíni, metamfetamíni, kannabisefnum og metýlfenídati var stöðugri yfir vikuna. Arndís segir að Reykjavíkurbúar noti mjög mikið vatn miðað við aðra Evrópubúa sem veldur því að frárennslisvatnið er þynnra og styrkur efnanna er mjög lágur. „Það sem kom okkur mest á óvart var að öll algengustu fíkniefnin voru vel mælanleg í frárennsli frá Reykjavík. Það sem kom okkur einnig á óvart var að amfetamínneysla er mikil í Reykjavík miðað við lönd í suðurhluta Evrópu en var hins vegar svipuð og í Noregi og Finnlandi,“ segir hún.

Árið 2015 lagði lögreglan í Reykjavík hald á rúmlega sex sinnum meira magn af amfetamíni en árið áður. Um 22,6 kg af amfetamíni voru haldlögð árið 2015 en aðeins um 3,5 kg árið 2014. Samkvæmt bráðabirgðatölum lögreglunnar fyrir árið 2016 var lagt hald á um níu kíló af amfetamíni á síðasta ári, meðal annars fjögur kíló í lok árs sem fjórir menn sátu í gæsluvarðhaldi fyrir.

benediktboas@365.is






# Svifrykið lengi að fara á nýársnótt

**SAMFÉLAG** Styrkur svifryks í Reykjavík fyrstu klukkustundina á árinu 2017 var 1.451 míkrógrömm (µg) á rúmmetra í mælistöðinni við Grensásveg en á sama tíma í fyrra var styrkurinn 363 míkrógrömm á rúmmetra. Þetta er næstmesta svifryksmengun frá áramótunum 2010. Þegar nýja árið var nýgengið í garð mældist meðalstyrkur svifryks í loftgæðafarstöð við leikskólann Grænuborg við Eiríksgötu 904 míkrógrömm á rúmmetra fyrstu klukkustund nýs árs, í loftgæðafarstöð HER við Rofabæ var hann 1.159 og í stöð UST í Fjölskyldu og húsdýragarðinum 816. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Meðaltalsstyrkurinn á Grensás á nýársdag var 160 míkrógrömm á rúmmetra og fór styrkur svifryks því yfir sólahrings-heilsuverndarmörkin í fyrsta sinn á árinu 2017. Heilsuverndarmörkin á sólarhring eru 50 míkrógrömm á rúmmetra.




Mikið logn var fyrstu klukkustundir áramótanna í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svifryk var einnig yfir sólarhringsmörkum í hinum þremur loftgæðamælistöðvunum í Reykjavík. Hæsta hálftímagildið mældist kl. 01.30 í stöðinni við Grensás, 2.418 míkrógrömm á rúmmetra.

Hár styrkur svifryks í ár orsakast af því að nánast var logn fyrstu klukkustundir ársins.

Styrkurinn fór níu sinnum yfir sólarhrings-heilsuverndarmörk á árinu 2016. – bb






**Loftljós**
Verð áður: 14.900 kr.
▶ **Tilboð: 9.000 kr.**



**Loftljós** (60 cm)
Verð áður: 39.900 kr.
▶ **Tilboð: 25.000 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 89.990 kr.
▶ **Tilboð: 55.000 kr.**



**Gólflampi**
Verð áður: 29.900 kr.
▶ **Tilboð: 20.000 kr.**



**Gólflampi**
Verð áður: 17.900 kr.
▶ **Tilboð: 10.000 kr.**



**Vegglampi**
Verð áður: 7.995 kr.
▶ **Tilboð: 5.000 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 7.990 kr.
▶ **Tilboð: 5.000 kr.**



**Borðlampi**
Verð áður: 15.900 kr.
▶ **Tilboð: 10.000 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 9.990 kr.
▶ **Tilboð: 6.900 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 79.900 kr.
▶ **Tilboð: 50.000 kr.**

**PFAFF** - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS - **Fylgstu með okkur á Facebook**



Jólasveininn mætir á þrettándagleði í Kjós. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Klára jólin með afgöngum í Kjós

**MANNFAGNAÐIR** Það stefnir í lágmarksmatarsóun í Kjós þessi jólin ef gestir í væntanlegri þrettándagleði í Félagsgarði hlýða kalli hátíðarhaldara.

„Gestir eru vinsamlegast beðnir um að koma með jólamatarafganga til að setja á sameiginlegt veisluborð en oft hefur verið mikið um dýrðir á þrettándanum. Þá á að ljúka við allan jólamat og drykk,“ segir í tilkynningu um gleðskapinn á kjós.is.

„Fyrst verður gengið í kringum jólatréð, sungið og síðasti jólasveinninn kemur og kveður með tilheyrandi. Eftir það verður kveikt í brennunni og síðan verður boðið upp á heitt súkkulaði og kaffi,“ segir áfram um viðburðinn og fólk hvatt til að koma í búningum, til dæmis sem álfakóngar, drottningar, púkar eða vættir. – gar

## Heimili lögð í rúst



Palestínsk börn skoða skemmdirnar á heimili sínu í þorpinu Khirbet Tana á Vesturbakkanum, skammt frá borginni Nablus. Ísraelar eyðilögðu á annan tug heimila þar og hafa tilkynnt að eini skóli þorpsins verði eyðilagður, en boða í staðinn uppbyggingu landtökubyggða. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Um 32 tonn af tóbaki enduðu í vörinni

**Heildsöluverð á neftóbaki hækkaði um 60 prósent um áramótin. Forstjóri ÁTVR lagði til að álögur á neftóbak yrðu hækkaðar. Ungir karlmenn taka tóbakið í vörina. Dósin kostar nú um 3.000 krónur. Verð hefur áhrif á neysluna segir verkefnastjóri tóbaksvarna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Heildsöluverð á íslensku neftóbaki hækkaði um 60 prósent um áramótin. Fyrir áramót seldi ÁTVR verslunum tuttugu neftóbaksdósir saman á 29.260 krónur en 1. janúar fór verðið á þessum tuttugu dósum í 47.053 krónur.

Dósin hækkaði því um 890 krónur og fór upp í 2.352 krónur. Eftir hækkunina fæst ein slík neftóbaksdós á 3.058 krónur í Hagkaup.

Ástæðu hækkunar á neftóbaki má rekja til hækkunar á tóbaksgjaldi á neftóbak um síðustu áramót. Þá var tóbaksgjald á neftóbak hækkað úr 15,10 krónum á hvert gramm í 25,53, eða sem nemur 70 prósentum.

Hækkunin var ákveðin að tillögu forstjóra ÁTVR í erindi hans til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Í umsögninni er bent á að sala á neftóbaki hafi farið úr 16,9 tonnum árið 2007 í rúm 40 tonn árið 2016.

**Sala á neftóbaki í tonnum**




> **Þótt áhrifin hafi síðan dvínað, þá vitum við að verð hefur áhrif og sérstaklega á það við varðandi ungt fólk**
>
> Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Landlækni




Ungir karlmenn troða miklu í vörina á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðar Jensson, verkefnastjóri tóbaksvarna hjá Landlækni, fagnar hækkuninni. Tóbaksgjald á neftóbak hafi hækkað um helming áramótin 2012 og 2013 og þá hafi slegið verulega á eftirspurn eftir tóbakinu. „Þótt áhrifin hafi síðan dvínað, þá vitum við að verð hefur áhrif og sérstaklega á það við varðandi ungt fólk,“ segir Viðar.

Viðar segir Landlækni hafa reiknað út að 70 til 80 prósent af þeim 40 tonnum sem seld eru af íslensku neftóbaki fari í munn á ungum karlmönnum.

Í könnun sem gerð var árið 2012 hafi komið fram hversu mikils af neftóbaki var neytt sem neftóbaks og hversu mikils var neytt sem munntóbaks. „Svo endurtókum við þetta 2015 og þá sáum við á yngsta hópnum, 18 til 24 ára, að neysla þar hafði enn aukist,“ segir Viðar. jonhakon@frettabladid.is



F&F

# ÚTSALA

# 30-50%

AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM VÖRUM

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri















Íslendingar seldu 10% af öllum hvítfiski í heiminum árið 1980 en nú nálgast það að vera eitt prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Harðnandi samkeppni krefst samstarfs þjóða

**Þeirra þjóða sem veiða villtan Atlantshafsþorsk bíður harðnandi samkeppni á mörkuðum við eldisfisk. Samstarf í markaðsmálum er talið nauðsynlegt þess vegna – ekki síst milli öflugra sjávarútvegs- og sölu- og markaðsfyrirtækja.**

Allt bendir til þess sífellt harðnandi samkeppni bíði þeirra sem veiða og selja villtan Atlantshafsþorsk. Ekki þarf að leita langt aftur til að finna tíma þegar Íslendingar voru með tíu prósent af framboði hvítfisks í heiminum – á sama tíma er því jafnframt spáð að innan fjögurra ára verði það hlutfall einungis eitt prósent.

### Samstarf?

Í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans er þeirri spurningu velt upp hvort efla ætti samstarf þjóða við Norður-Atlantshaf um markaðssetningu á villtum þorski – Íslands ásamt Norðmönnum, Færeyingum og Rússum. Lýtur það að kynningu Atlantshafsþorsksins á fjarlægum mörkuðum eins og til dæmis í Asíu. Í greiningu Sjávarklasans er bent á að hvítfiskeldi sækir mjög í sig veðrið um þessar mundir og hugsanlegt er að aukið framboð á eldisfiski muni hafa áhrif á markað með villta hvítfiskstofna. Er þar vitnað til erindis Gorjans Nikoliks, sérfræðings hjá Rabobank, á ráðstefnu Marels um efnið í Kaupmannahöfn nýverið.

Með breyttri fiskveiðistjórnun hefur framboð á villtum hvítfiski haldist nokkuð stöðugt á undanförnum árum eða sem nemur tæpum sex milljónum tonna. Stærstu stofnarnir eru Alaskaufsinn, sem er þrjár milljónir tonna, og Atlantshafsþorskurinn, sem er um ein milljón tonna. Í greiningu Sjávarklasans er hins vegar gert ráð fyrir að hvítfiskeldi vaxi hratt á næstu árum. Það samsvarar nú yfir tíu milljónum tonna og stefnir í að það verði komið yfir tólf milljónir tonna árið 2020. Þær fisktegundir sem um ræðir eru einkum tilapía (beitifiskur eða hekluborri) og pangasius – eldisfiskur sem er upprunninn í Víetnam.

### Kaupendum fækkar

Í greiningunni segir að Íslendingar geti ugglaust selt þorskinn áfram sem hágæðavöru og á góðu verði. Hættan sé hins vegar sú að áfram fækki kaupendum dýrrar matvöru í Evrópu þar sem efnahagslíf stærstu markaðssvæða Íslands hefur átt undir högg að sækja. Því þurfi bæði að treysta ímynd Íslandsþorskins á harðnandi markaði og um leið að sækja meira á ný markaðssvæði eins og Asíu þar sem hagvöxtur hefur verið meiri, millistéttin fer vaxandi og áhugi er til staðar á sjávarafurðum frá okkar heimshluta. Með tilliti til þessa þurfi Íslendingar að hyggja að samstarfi við önnur lönd sem veiða og vinna þorsk úr Atlantshafi.

Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans, telur að formlegt samstarf með stofnun sérstaks fyrirtækis um ímyndar- og markaðsmál Atlantshafsþorsksins væri líklega farsælasta leiðin til að fylgja svona verkefni eftir.

„Ég tel að best væri að hefjast handa með markaðsverkefni á tilteknu svæði eða landi í Asíu. Svona samstarf þarf meðal annars að eiga sér stað í gegnum öflug fyrirtæki í greininni, bæði sjávarútvegsfyrirtæki og sölu- og markaðsfyrirtæki. Ég held að það samstarf sem hófst með Arctic Circle hérlendis og sú athygli sem sá vettvangur hefur fengið sýni að það liggi mörg tækifæri í fjölþjóðlegu samstarfi á Norðurslóðum eins og samstarfi um ímyndar- og markaðssetningu matvæla frá þessum svæðum,“ segir Þór.

Í greiningunni segir að í slíku samstarfi gæti reynsla íslenskra fisksölufyrirtækja reynst vel, og reynsla Norðmanna í sölu á hvítfiski og laxi á þessum slóðum gæti reynst happadrjúg í samstarfi. Aðalatriðið sé að aðstæður á mörkuðum eru að breytast og ástæða er til að ræða hvernig bregðast eigi við því.

### Lítil þekking

Allnokkur munur er á hvíta eldisfiskinum og villta Atlantshafsþorskinum með tilliti til gæða, næringarinnihalds, uppruna og sjálfbærnisjónarmiða. Í greiningu Sjávarklasans segir að á það beri þó að líta að þekking neytenda á gæðum fisks sé í mörgum tilfellum verulega takmörkuð og stórir aðilar á neytendavörumarkaði, þeir sem ráða yfir söluborðum matvörumarkaða, séu að auka fjárfestingar í hvítfiskeldi. „Þessir aðilar, sem eru oft ráðandi á stórum parti neytendavörumarkaðar, sjá fyrir sér að eldishvítfiskur verði næsta „kjúklingabylting“, þar eð hægt verði að útvega neytendum ódýrt fiskiprótein úr eldisfiski á komandi árum og áratugum.“ svavar@frettabladid.is




Heimild - Rabobak, 2016 *spá

- Árið 2020 má gera ráð fyrir að framboð á hvítfiski nemi allt að 20 milljónum tonna.
- Magn Atlantshafsþorsksins verður þá orðið um 5% af heildarframboði hvítfisks.
- Atlantshafsþorskurinn mun því eiga í stöðugt harðari samkeppni við annan hvítfisk og eina svarið við því er að efla markaðssetningu á villta þorskinum og aðgreina hann betur frá eldisfiski.

> Ég tel að best væri að hefjast handa með markaðsverkefni á tilteknu svæði eða landi í Asíu.



Þór Sigfússon, stjórnarformaður Sjávarklasans

markhönnun ehf

netto

# SISTEMA GEYMSLUDAGAR Í NETTÓ
## 10% AFSLÁTTUR AF GEYMSLUKÖSSUM

Sistema geymslukassarnir eru hin fullkomna lausn fyrir jólaskrautið, smádót, skóladót eða allt sem þú vilt koma skipulagi á.

sistema STORAGE

### FJÖLBREYTILEGIR
Sistema geymslukassarnir fást í öllum stærðum og gerðum.






### AÐLAGANLEGIR
Hægt er að skipta út lokunum fyrir smáhlutabakka eða bæði.

**Geymslukassi m. loki**
1,7 L, 3,5 L, 3,8 L, 7,9 L
**Verð frá:**
**448** KR/STK
Áður: 498 kr/stk

**Geymslukassi m. smáhlutabakka**
1,7 L, 3,5 L, 3,8 L, 7,9 L
**Verð frá:**
**898** KR/STK
Áður: 998 kr/stk

### ÞOLKMIKLIR
Sistema geymslukassarnir eru einstaklega sterkir.



**Geymslukassar m. loki**
175 ML, 375 ML, 400 ML, 810 ML
**Verð frá:**
**178** KR/STK
Áður: 198 kr/stk




### STAFLANLEGIR
Sistema geymslukassarnir staflast fullkomlega óháð stærð.

**Geymslukassar m. loki**
14 L, 27 L, 30 L, 40 L, 60 L og 90 L
**Verð frá:**
**1.438** KR/STK
Áður: 1.598 kr/stk




### BREYTILEGIR
Sistema aukahlutirnir gera skipulagið svo miklu betra!

**Smáhlutabakki í geymslukassa**
**1.168** KR/STK
Áður: 1.298 kr/stk

**Skipulagsbox í geymslukassa**
Stór - 3 pk
**1.348** KR/STK
Áður: 1.498 kr/stk

**www.netto.is | Tilboðin gilda 4. – 15. jan 2017**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



## Meiraprófsbílstjóri óskast

Aðföng leitar að meiraprófsbílstjóra í framtíðarstarf
við útkeyrslu á vörum í verslanir.

Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn.
Unnið er til skiptis á dag og kvöldvöktum, með góðu vaktarfríi á milli.

Sækja skal um starfið á www.adfong.is
- óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

AÐFÖNG

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hvassaleiti 58**
**2ja herbergja endaíbúð - eldri borgarar**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15 - 17.45**




65,5 fm. íbúð á 2. hæð í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara auk tveggja geymslna. Svalir til suðvesturs út af stofu. Mikil sameign og þjónusta er í húsinu. Á jarðhæð er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar og þar er boðið uppá ýmsa þjónustu t.d. heitan mat í hádeginu, hárgreiðslu, sjúkraþjálfun, hand- og fótsnyrtingu o.fl. **Íbúðin er nýmáluð og laus til afhendingar strax. Verð 44,9 millj.**

**Fornhagi 15**
**Góð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15 - 17.45**




Virkilega falleg 84,4 fm. íbúð á 2. hæð á þessum eftirsótta stað í vesturbænum að meðt. sér geymslu í kjallara. Ný eldhúsinnrétting og tæki eru í íbúðinni og nýtt vandað parket er á gólfum. Björt stofa með útgengi á svalir til suðurs. Stór sameiginleg lóð með tyrfðri flöt, afgirt að hluta og á sumrin með sameiginlegum leiktækjum fyrir börn. **Verð 40,9 millj. Frábær staðsetning þaðan sem stutt er í leikskóla, barnaskóla, Háskóla Íslands o.fl.**




Rússneski herinn hefur undanfarið unnið að því að fjarlægja jarðsprengjur úr austurhluta Aleppo-borgar, en uppreisnarmenn voru hraktir þaðan stuttu fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vopnahlé í Sýrlandi hangir á bláþræði

**Sýrlenskir uppreisnarmenn segja stjórnarherinn og Rússa halda áfram að varpa tunnusprengjum. Óvíst hvort friðarviðræður hefjast síðar í mánuðinum eins og að var stefnt. Bandaríkin koma ekki að þessu vopnahléi, ólíkt fyrri tilraunum.**

**SÝRLAND** Vopnahléið í Sýrlandi hefur ekki staðið í heila viku og gæti verið að renna út í sandinn vegna vopnahlésbrota sýrlenska stjórnarhersins.

Uppreisnarmenn segja grundvöll vopnahlésins brostinn vegna þess að hvorki Sýrlandsstjórn né Rússar hafi staðið við sinn hluta. Árásir hafi haldið áfram á Wadi Barada og fleiri svæði sem uppreisnarmenn hafa á sínu valdi.

Wadi Barada er dalur í næsta nágrenni höfuðborgarinnar Damaskus, en uppreisnarmennirnir segja í yfirlýsingu, sem birt er á vef fréttastöðvarinnar Al Jazeera, að árásir hafi einnig verið gerðar á austurhluta borgarinnar Ghouta, úthverfi Hama og á Daraa.

Barada-dalurinn er sérlega mikilvægur vegna þess að áin Barada er mikilvægasta vatnsból höfuðborgarinnar, að því er fram kemur á fréttavef þýska tímaritsins Der Spiegel. Átökin í dalnum hafa eyðilagt vatnsdælur þar.

> Árásir hafa haldið áfram á Wadi Barada og fleiri svæði sem uppreisnarmenn hafa á sínu valdi.

Bandaríkin eiga engan hlut að þessu vopnahléi, ólíkt fyrri tilraunum til vopnahlés í Sýrlandi. Það voru Rússar og Tyrkir sem höfðu milligöngu um það, en Rússar hafa stutt stjórn Bashars al Assad forseta og Tyrkir hafa stutt uppreisnina gegn Assad.

Einungis hófsamir uppreisnarhópar eiga þó aðild að vopnahléinu. Öfgahópar á borð við Íslamska ríkið fá engin grið, hvorki frá sýrlenska stjórnarhernum, Rússum né Tyrkjum.

Hersveitir Kúrda, sem barist hafa gegn Íslamska ríkinu og haft til þess einhvern stuðning frá Vesturlöndum, fá hins vegar ekki heldur aðild að vopnahléinu enda líta Tyrkir á Kúrda sem ógn við tyrkneska hagsmuni.

Tyrknesk stjórnvöld krefjast þess nú að Donald Trump sjái til þess að Bandaríkin hætti að styðja Kúrdaherinn þegar hann tekur við embættinu síðar í þessum mánuði.

Undirbúningsviðræður fyrir friðarsamninga áttu að hefjast í Astana, höfuðborg Kasakstans, síðar í þessum mánuði. Þangað áttu bæði fulltrúar uppreisnarmanna og Sýrlandsstjórnar að koma, ásamt fulltrúum frá Rússlandi, Tyrklandi og Íran. Íranar hafa stutt stjórn Assads, rétt eins og Rússar.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur staðið í nærri sex ár og kostað hundruð þúsunda lífið og hrakið milljónir manna á flótta.
**gudsteinn@frettabladid.is**

# Ford byggir upp verksmiðju í Michigan

**BANDARÍKIN** Bandaríski bílarisinn Ford tilkynnti í gær áætlanir sínar um að fjárfesta fyrir 700 milljónir dollara í Michigan-ríki. Á fjárfestingin að skapa um 700 störf í Flat Rock verksmiðjunni sem fær veglega andlitslyftingu. Bílarisinn ætlaði að reisa verksmiðju í Mexíkó fyrir 1,6 milljarða dollara þar sem átti að smíða nýja útgáfu af Ford Focus. Mark Fields, forstjóri Ford, sagði á blaðamannafundi í gær að áætlanir Donalds Trump, verðandi forseta Bandaríkjanna, væru hvetjandi. „Við trúum að það sem er að gerast með skatta og fleira muni geta gert Bandaríkin samkeppnishæf,“ sagði forstjórinn meðal annars í ræðu sinni. Hann neitaði því að hafa gert einhvers konar samkomulag við Trump. Fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum hafði Trump lýst yfir þeim ásetningi sínum að leggja háan toll á þá bílaframleiðendur sem flyttu bílaframleiðslu sína frá Bandaríkjunum til Mexíkó. Eiga flestir starfsmenn að vinna við að setja saman nýjan rafmagnsbíl frá Ford sem og að smíða varahluti fyrir Mustang og Lincoln. – **bb**



Donald Trump lofaði kjósendum að hann myndi setja háan toll á þá bílaframleiðendur sem flyttu framleiðslu sína frá Bandaríkjunum til Mexíkó. NORDICPHOTOS/AFP




**BORÐAÐIR ÞÚ Á ÞIG GAT?**

**Settu þér markmið og skartaðu þínu fegursta á ströndinni í sumar. Ný námskeið hefjast í janúar – engin binding!**

Ásvallalaug · Holtagarðar · Kópavogslaug · Salalaug · Tjarnarvellir · Urðarhvarf

Reebok FITNESS

Brandenburg | SÍA

# Ekkert mál



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hafa eflaust margir strengt einhver heit um áramótin. Valið sér leið til betrunar með heitstrengingum eins og að hreyfa sig meira, léttast einhver heil ósköp, hætta að reykja, segja skilið við flöskuna, eyða minni tíma í símanum og tölvunni eða bara að vera almennt í betra skapi, brosa meira og bæta sig að öllu leyti. Allt er þetta gott og blessað og vonandi gengur öllum vel með að halda sín heit og feta sig til betra lífs.

En á tímamótum sem þessum þegar „árið er liðið í aldanna skaut“ þá er líka gott að horfa til þess sem við eigum öll sameiginlega. Þess sem við deilum frá morgni til kvölds í svefni sem vöku eins og til að mynda íslenskunnar. Þessa litla brothætta tungumáls sem gerir okkur að þjóð og heldur utan um sögu okkar og arfleifð í gegnum aldirnar. Gerir okkur kleift að skilja þessa sögu og læra af henni, að tjá hugsanir okkar, skoðanir og tilfinningar með orðum sem við eigum saman og berum öll ábyrgð á. Ábyrgð sem við getum ekki alfarið hent í hausinn á stjórnmálamönnum eða lagt á herðar skálda því sem þjóð þurfum við á þessu tungumáli að halda.

Þess vegna skiptir öllu máli hvernig við umgöngumst þessa ómetanlegu sameign. Hvernig við ræktum hana og hlúum að henni í amstri hversdagsins. Og það er alls ekki eins og það sé ekkert mál. Eiríkur Rögnvaldsson prófessor var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag fyrir framlag til íslenskra málvísinda og forystu á sviði máltækni. Þessi viðurkenning er gleðileg þar sem í henni er viðurkenning á mikilvægi þess starfs sem Eiríkur hefur unnið á síðustu áratugum. En Eiríkur hefur verið í forystu á meðal íslenskra málvísindamanna í að tala fyrir mikilvægi þess að við bregðumst við stöðugt vaxandi notkun á ensku málumhverfi í tækni sem við flest notum frá degi til dags. Þess er líka óskandi að ráðamenn láti þetta til sín taka og að gripið verði til margfalt öflugri aðgerða en verið hefur á liðnum árum og áratugum. Þar verða á ferðinni aðgerðir sem munu, eins og Eiríkur hefur bent á, bæði kosta fé og taka tíma.

Það er því mikilvægt fyrir okkur öll, almenning sem og ráðamenn, að beina einnig sjónum okkar að því hvað er hægt að gera til þess að efla íslenskuna og það strax. Á meðal þess sem kemur upp í hugann er afnám virðisaukaskatts á bækur, aukið fjármagn til bókasafna, efling kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerðar, bætt aðgengi að leikhúsi og menningu á grundvelli efnahags svo eitthvað sé nefnt. Allt aðgerðir sem þurfa ekki að kosta mikla peninga þegar upp er staðið, vegna þess að slíkar aðgerðir geta skilað sér margfalt til baka bæði í bættri stöðu íslenskunnar og svo í beinhörðum peningum í formi skattgreiðslna.

Auk alls þessa þá getum við líka einfaldlega vandað okkur meira. Lagt okkur fram um að vanda mál okkar og framsetningu þess frá degi til dags. Hvort sem er á samfélagsmiðlum, í fjölmiðlum eða daglegu máli þá stendur það fyrst og síðast upp á okkur, notendur íslenskunnar, að ganga um tungumálið af virðingu og væntumþykju. Án þess er hætt við því að áður en við getum snúið okkur við þá verði íslenskan ekkert mál lengur heldur aðeins heimild um veröld sem var.

**Það er því mikilvægt fyrir okkur öll, almenning sem og ráðamenn, að beina einnig sjónum okkar að því hvað er hægt að gera til þess að efla íslenskuna og það strax.**

Ferðaskrifstofan sem breytir lífi þínu!

Ferðaskrifstofan Mundo heldur kynningarfund á Eiðistorgi (sal Innovation House) þann 4. janúar.

17:00 Kynning á sumarbúðum Mundo
18:00 Kynning á skiptinámi í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Spáni

MUNDO
www.mundo.is

Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Horfin á braut**
Róbert Marshall og Brynhildur Pétursdóttir hafa ákveðið að segja skilið við Bjarta framtíð, einungis rúmum tveimur mánuðum eftir að þau létu af þingmennsku sem fulltrúar þessara flokka. Þau fullyrða að ákvörðun forystu flokksins um að ganga til viðræðna við Sjálfstæðisflokkinn og Viðreisn um stjórnarmyndun hafi ekki áhrif á ákvörðun þeirra. Engar forsendur eru til þess að draga þessar skýringar þeirra í efa. Mögulega eru praktískar, en ekki hugmyndafræðilegar ástæður fyrir ákvörðuninni.

**Enginn ánægður**
En jafnvel þótt Brynhildur og Róbert væru óánægð með framgang mála þá væru þau líklegast ekki ein um það. Innan þingflokks Sjálfstæðismanna heyrast óánægjuraddir með framgang mála, þótt þar séu menn einhuga um að fela formanni sínum að klára viðræðurnar. Eftir tveggja mánaða tilraunir sé annað ótækt en að láta reyna á þá möguleika sem eru í boði. Úr verður sennilegast ríkisstjórn sem allir sætta sig við, en enginn er beinlínis ánægður með. Og þá er spurning hversu stutt er í næstu kosningar.

jonhakon@frettabladid.is

# Engin lækning hefur fundist



Haukur Örn Birgisson
forseti Golfsambands Íslands

Þegar nýr kylfingur byrjar í golfi er oft talað um að viðkomandi hafi smitast af golfbakteríunni. Ég leyfi mér að fullyrða að íslenska þjóðin er golfsjúk um þessar mundir en sjúkdómseinkennin eru hins vegar afar jákvæð: Holl hreyfing og góð útivera með vott af frábærum félagsskap vina og fjölskyldu.

Árið sem nú er nýliðið var líklegast það besta í íslenskri golfsögu. Íslenskum kylfingum fjölgaði áfram og hafa nú aldrei verið fleiri, íslenskir afrekskylfingar hafa aldrei verið betri og tveir þeirra náðu þeim frábæra árangri að komast inn á sterkustu atvinnumótaraðir heims – þá evrópsku og bandarísku. Stúlkurnar Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Valdís Þóra Jónsdóttir eru komnar í fremstu röð og munu verða öðrum ungum kylfingum, drengjum og stúlkum, hvatning til frekari framfara. Betri auglýsingu getur íslenskt golf ekki fengið.

Á Íslandi eru flestir kylfingar heims og þeim býðst að leika á flestum golfvöllum heims – miðað við höfðatölu. Í ákveðnum ljóðrænum skilningi má segja að Íslendingar séu stærsta golfþjóð í heimi. Í þessu felast einstök tækifæri og framtíðin er björt í íslensku golfi. Ekki verður látið staðar numið og þetta ár verður vonandi enn betra. Bakterían heldur áfram að dreifa sér og fleiri smitast á hverju ári. Sem betur fer er engin lækning sjáanleg.

Á þessu ári fagnar Golfsamband Íslands 75 ára afmæli sínu og er sambandið því elsta sérsamband innan íþróttahreyfingarinnar. Í sögulegu samhengi er sambandið þó bara á fermingaraldri, enda golfíþróttin mörg hundruð ára gömul. Í tilefni afmælisins langar mig til að bjóða þér í golf. Með því að leggja leið þína í vor á næsta golfvöll muntu uppgötva aðdráttarafl íþróttarinnar og það öfluga félagsstarf sem fyrir hendi er innan hreyfingarinnar. Ég lofa því að móttökurnar verða hlýjar og þú munt sjá hversu auðvelt er að kynnast íþróttinni og smitast í leiðinni.

**Í ákveðnum ljóðrænum skilningi má segja að Íslendingar séu stærsta golfþjóð í heimi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Landbúnaður á villigötum



Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Aldrei fór það svo, að stjórnkerfi landbúnaðarins megnaði ekki að koma mér á óvart, hélt þó að sá brunnur væri þurrausinn. Slíkur hefur fjárausturinn verið; svo mögnuð hefur umframframleiðslan orðið; jafn læstu hefur kerfinu verið haldið og því staurblint á afkomu almennings. Viðskiptaleg einokun og einangrun íslenskrar matvælaframleiðslu er slík að frekar illa þokkuð iðnaðarframleiðsla á eggjum og kjúklingum er hér seld á uppsprengdu verði.

Öll atvinnustarfsemi þarfnast samkeppni ef hún á að þroskast, einnig landbúnaður, enda ber íslenskur landbúnaður stöðnuninni og ofdekri vitni. Allt þetta hefur verið þekkt og þolað. Jafnvel sú fáránlega þversögn hefur verið gjaldgeng, að jafn erfitt landbúnaðarland sem Ísland er, sem býður eigin þegnum dýrustu matvæli, geti með hinni hendinni flutt út matvæli á ódýra samkeppnismarkaði. Íslendingum er ekki bara skylt að borða dýrasta matinn, heldur eru þeir skyldaðir til að borga að auki lambakjöt ofan í velmegandi útlendinga. Það verður ekki annað sagt en þeir sem þessu stjórna séu örlátir, a.m.k. á annarra fé.

**Ósjálfráð meðvirkni**

Það sem kom á óvart var ósjálfráð meðvirkni ríkisstjórnarinnar þegar hún, skömmu fyrir jólin, lagði til að auka fé til erlendrar markaðssetningar á landbúnaðarvörum, einkum lambakjöti. Þar á bæ eru menn svo næmir fyrir kenjum og offrekju kerfisins, að óþarfi er að biðja um viðbótarfé, það kemur af sjálfu sér. Það kannaðist nefnilega enginn við að hafa beðið um þessar 100 m.kr. Markaðsnefndin segist ekki hafa beðið um þetta. Skyldu það hafa verið pólitísku bændahöfðingjarnir á Alþingi?

Á meðan forstjóri Landspítalans talar um neyðarástand; meðan ekki má manna löggæsluna nægilega; meðan vegakerfið er víða í lamasessi; meðan heilsugæslan er á horriminni; meðan hluti aldraðra lifir við sultarkjör – þá er fé ausið í tilgangslausan útflutning á lambakjöti. Einu rökin voru að verð á lambakjöti mætti ekki lækka hér heima, bara erlendis! Það er göfug gjafmildi.

Þessi pólitísku heljartök sem landbúnaðurinn hefur á löggjafanum eru afkvæmi tærandi dreifbýlishyggju og misvægis atkvæða, sem er smánarblettur á íslensku lýðræði. Þó ný ríkisstjórn kæmi engu öðru í verk en jafna atkvæðavægið, þá væri það umtalsverður áfangi. Jöfnun gildis atkvæða er grundvallarréttlætismál og jafnframt forsenda þess, að skynsemin (brjóstvitið) öðlist eðlilegan sess við úrlausn mála á Alþingi.

**Íslendingum er ekki bara skylt að borða dýrasta matinn, heldur eru þeir skyldaðir til að borga að auki lambakjöt ofan í velmegandi útlendinga. Það verður ekki annað sagt en þeir sem þessu stjórna séu örlátir, a.m.k. á annarra fé.**

**Óráðsía offramleiðslunnar**

Svo er það þessi hvimleiða regla um framboð og eftirspurn. Ríkisstýrð hagkerfi eða framleiðslugreinar hafa tilhneigingu til að líta fram hjá henni. Hún bankar þó upp á að lokum. Hér halda menn áfram offramleiðslu og hvetja til aukningar með þá glapræðistálsýn að leiðarljósi, að nú fari erlendir markaðir að opnast. Hvað skyldi vera búið að eyða mörgum milljörðum í sjálfsblekkjandi markaðsaðgerðir vestan hafs sl. hálfa öld? Það brást.



Nú er einblínt á Kína, því ekki má undir neinum kringumstæðum draga úr framleiðslunni. Hér heima er öllum ráðum beitt til að þrengja svo kosti íslenskra neytenda að fram hjá lambakjötinu sé torleiði. Hvað skyldi ráða því að bændaforystan hafi valið þráláta offramleiðslu sem meginreglu við stýringu á framboði lambakjöts, og komist upp með það? Ekki er það eftirtekjan, hvað þá umhyggjan fyrir afkomu bænda. Hún er og verður rýr þrátt fyrir fjárausturinn af almannafé. Launhelgi þjóðarinnar á sauðkindinni hjálpar þar eflaust til.

Til eru þó aðrar árangursríkar leiðir. Í framhaldi af setningu aflamarksreglu í sjávarútvegi og lögfestingu kvótakerfisins (1985), var gerð tilraun með að kvótasetja landbúnaðarframleiðsluna. Hugmyndin var sú að aðlaga framleiðsluna að heimamarkaði. Þetta var skynsamleg nálgun sem smám saman hefði bætt afkomu búanna um leið og þeim hefði fækkað, sbr. þróunina í sjávarútvegi. Samdráttur er nefnilega árangursríkasta aðferðin við að draga úr offramleiðslu. Þessi tilraun fékk ekki að þróast. Bændaforystan gafst fljótlega upp á leið skynseminnar en valdi slóð óráðsíunnar. Hún var studd af stjórnmálaflokkum sem studdu og styrktust af misvægi atkvæða. Vituð þér enn, eða hvað?

# Öfundargenið



Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ

**Það vekur furðu að þingmenn Bjartrar framtíðar skuli vilja stuðla að Viðreisn valdastéttar. Aðrir kostir hljóta að vera betri.**

Íslensk valdastétt hefur staðið af sér Panamahneykslið. Það tókst að vekja þjóðina um stund þegar ljóstrað var upp um yfir 600 íslensk nöfn í gögnunum frá Mossack Fonseca og að auðugir Íslendingar blygðuðust sín almennt ekki fyrir að skjóta fjármunum undan skatti. Æðstu ráðamenn voru, ýmist þeir sjálfir eða makar þeirra, með einum eða öðrum hætti viðriðnir aflandsfélög: forsætisráðherra, fjármálaráðherra, innanríkisráðherra og sjálfur forsetinn. Allt kom fyrir ekki, því þótt pólitísku lífi forsætisráðherra fyrrverandi virðist að mestu lokið og ferli fráfarandi forseta lauk á þessari nótu, mun fjármálaráðherrann, Bjarni Benediktsson, líklega bráðum stýra landinu, studdur af náfrænda sínum úr sömu valdastétt.

Aflandsfélög eru skaðleg. Miklum verðmætum sem verða til af striti fjöldans og nýtingu auðlinda sem ýmist eru eða ættu að vera í eigu almennings er komið undan. Þau gagnast því ekki til að þróa samfélögin til betri vegar, hlúa að heilbrigði, menntun, velferð og gera einstaklingum kleift að eflast og þroskast.

Ekki hefur tekist að mynda ríkisstjórn án þeirra flokka þar sem báðir formennirnir voru nefndir í Panamaskjölunum. Látið er að því liggja að það sé vegna þess að VG sé klofið milli sjónarmiða landsbyggðar og höfuðborgar og að formann flokksins, Katrínu Jakobsdóttur, skorti myndugleika til að gera þær málamiðlanir sem þurfi. Ástæða er til að efast um þessa skýringu því allt annað blasir við: auðmannastéttin er um það bil að ná aftur tökum á samfélaginu, án þess að gera upp við spillta fortíð sína og með aðstoð Bjartrar framtíðar.

Viðræður um stjórn án Panamaflokkanna munu hafa strandað á að Viðreisn sætti sig ekki við hækkanir á eigna- og fjármagnsköttum. Þó lá fyrir að ríkið þyrfti að auka tekjur sínar til að endurreisa heilbrigðiskerfið og aðrar stoðir siðmenntaðs og framsækins samfélags. Einnig er ljóst að það nægir að taka upp skattkerfi sem líkist því norska til að endar nái saman hér. Í Noregi greiða menn 28% skatt á fjármagnstekjur og eignaskatt. Þó er hægri stjórn þar við völd.

Íslensk auðmannastétt er því sérlega forhert í hagsmunagæslu sinni. Þetta lýsir sér e.t.v. í orði sem þingmaður Viðreisnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, greip til undir lok viðtals á Útvarpi Sögu 30. des. sl. Um útvegsmenn sem tregðast við að greiða eðlilegt afnotagjald af sameiginlegri auðlind okkar talaði hún af virðingu en sakaði þó um þrjósku. Um þau stjórnmálaöfl sem krefjast auðlindarentu notaði hún orðið „öfundargen“.

Orðið ber með sér að öfund sé sumu fólki eðlislæg. Það gefur í skyn að krafan um að auðnum sé skipt af meiri skynsemi og réttlæti sé siðferðislega ámælisverð. Með orðinu virðist þingmaður Viðreisnar opinbera viðhorf valdastéttarinnar til þeirra sem vilja betra, réttlátara og framsæknara samfélag: þeir lúta stjórn öfundargensins og því ekkert mark á þeim takandi. Það vekur furðu að þingmenn Bjartrar framtíðar skuli vilja stuðla að Viðreisn valdastéttar. Aðrir kostir hljóta að vera betri.



## Gott að fá sendingu frá Gylfa Þór Sigurðssyni



**Sjötta stoðsending Gylfa á tímabilinu** Paul Clement, nýr knattspyrnustjóri Swansea City, var í stúkunni og sá Gylfi Þór Sigurðsson leggja upp mark fyrir Alfie Mawson sem kom Swansea í 1-0 undir lok fyrri hálfleiks. Alfie Mawson fagnar hér markinu ásamt Gylfa og öðrum leikmönnum Swansea. Swansea-liðið náði síðan að landa þremur lífsnauðsynlegum stigum þrátt fyrir að hafa fengið á sig jöfnunarmark. Ángel Rangel skoraði sigurmarkið tveimur mínútum fyrir leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Freisting fyrir knattspyrnufólk

**Knattspyrnumenn á Íslandi hafa í nokkrum mæli veðjað á úrslit eigin leikja. Engar sönnur hafa verið færðar á að úrslitum leikja hafi verið hagrætt hérlendis en freistingin til þess hjá íslensku knattspyrnufólki er mikil.**

**FÓTBOLTI** Reglulega berast fregnir af því að niðurstöðum íþróttaviðburða sé hagrætt í því skyni að hafa af því fjárhagslegan ávinning í gegnum veðmálastarfsemi. Engin íþrótt er óhult en vandamálið er einna stærst í knattspyrnu og er íslensk knattspyrna þar ekki undanskilin.

Niðurstöður íslenskrar rannsóknar, þar sem þátttaka knattspyrnumanna á Íslandi í peningaspilum og getraunaleikjum var könnuð, voru kynntar á ráðstefnu í Háskóla Íslands í gær. Rúmlega 700 leikmenn svöruðu könnuninni og um sjö prósent þeirra viðurkenndu að hafa veðjað á úrslit eigin leikja.

Daníel Ólason, prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands og einn aðstandenda rannsóknarinnar, segir að tæpleg 30 prósent karlkyns leikmanna sem svöruðu könnuninni stundi peningaspil vikulega eða oftar. „Í þeim hópi er það um fimmtungur sem viðurkennir að veðja á eigin leiki,“ segir Daníel við Fréttablaðið.

Konur eru mun ólíklegri til að stunda peningaspil. Aðeins 2,3 prósent kvenna gera það vikulega. Og langflestir þeirra sem stunda peningaspil gera það á erlendum vefsíðum. Raunar hafði helmingur allra karlkyns leikmanna veðjað á úrslit knattspyrnuleikja á erlendum vefsíðum.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að 9,6 prósent leikmanna sem svöruðu sýna einkenni spilavanda. Samsvarandi hópur í þjóðarúrtaki er nokkru minni eða 2,5 prósent.

**28,8%**

**Íslenskir karlkyns leikmenn sem veðja vikulega eða oftar á úrslit knattspyrnuleikja.**

### Leikmenn mega ekki veðja

„Rannsóknin segir ekkert um hvort úrslitum leikja á Íslandi hafi verið hagrætt,“ bendir Daníel á. „En freistingin er til staðar. Það eru miklir peningar undir og freistingin til að hafa áhrif á niðurstöðuna er til staðar.“

Hann segir að þó svo að heilt yfir sé ekki stór hópur leikmanna að veðja á úrslit eigin leikja sýni rannsóknin að hópurinn sé það stór að bregðast þurfi við. Samkvæmt reglum KSÍ mega samningsbundnir leikmenn á Íslandi ekki veðja á úrslit neinna leikja hér á landi – hvorki sinna eigin leikja eða annarra liða.

Þorvaldur Ingimundarson er heilindafulltrúi KSÍ og segir að niðurstöðurnar komi sambandinu ekki á óvart.

„Þetta eru vissulega háar tölur sem við sjáum í niðurstöðum rannsóknarinnar. Það staðfestir grun sem við höfum haft – að það er töluvert spilað og freistingin mikil fyrir íslenska knattspyrnumenn,“ segir Þorvaldur.

### Aðeins tímaspursmál

Rannsóknin er ein sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Daníel segir að í fyrra hafi verið framkvæmd rannsókn erlendis þar sem margar tegundir íþrótta voru skoðaðar. Þar kom í ljós að fjögur prósent leikmanna höfðu veðjað á eigin leiki.

Niðurstaðan sýnir að það er mikil hætta á að veðmálahneyksli brjótist út á Íslandi, líkt og gerst hefur í nágrannalöndum Íslands.

„Við verðum að horfast í augu við að það er líklegt að grunur vakni um óheilbrigða starfsemi af þessu tagi á Íslandi eins og annars staðar,“ segir Þorvaldur enn fremur.



**Daníel Ólason, prófessor í sálfræði við HÍ.**




TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016
NÝ SENDING Á ÞESSU FRÁBÆRA TILBOÐI
AÐEINS KR.
1.990
ÞÚSUND
Með veglegum kaupauka að verðmæti 200.000 kr.
26 ÞÚS. Á MÁNUÐI*
* Miðað við 20% útborgun
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
STÓRA BÍLASALAN
Klettháls 2 · 110 Reykjavík


## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**Bournemouth - Arsenal 3-3**
1-0 Charlie Daniels (16.), 2-0 Callum Wilson, víti (21.), 3-0 Ryan Fraser (58.), 3-1 Alexis Sánchez (70.), 3-2 Lucas Pérez (75.), 3-3 Olivier Giroud (90.+2).

**Crystal Palace - Swansea 1-2**
0-1 Alfie Mawson (42.), 1-1 Wilfried Zaha (83.), 1-2 Ángel Rangel (88.)

**Stoke - Watford 2-0**
1-0 Ryan Shawcross (45.), 2-0 Crouch (49.)

| Efstu lið | | Neðstu lið | |
|---|---|---|---|
| Chelsea | 49 | Leicester | 21 |
| Liverpool | 44 | Middlesbr. | 19 |
| Man City | 42 | C. Palace | 16 |
| Arsenal | 41 | Sunderland | 15 |
| Tottenham | 39 | Swansea | 15 |
| Man. Utd. | 39 | Hull | 13 |

**GRÓTTA FÉKK TVO HEIMALEIKI**
Dregið var í átta liða úrslitum Coca-Cola bikarsins í handbolta í gær. Toppliö Olís-deildar karla, Afturelding, fer út á Nes og Íslandsmeistarar Hauka taka á móti Selfyssingum. Topplið Olís-deildar kvenna, Fram, þarf að sækja botnlið deildarinnar, Fylki, heim og svo verður mikill slagur er ÍBV sækir Stjörnuna heim. Grótta fær tvo heimaleiki því konurnar fá Selfoss í heimsókn.

**Átta liða úrslit karla:**
Haukar - Selfoss — Fram - FH
Grótta - Aftureld. — Valur -Stjarnan

**Átta liða úrslit kvenna:**
Stjarnan - ÍBV — Fylkir - Fram
Aftureld. - Haukar — Grótta - Selfoss

**ARON EKKI TIL DANMERKUR**
Geir Sveinsson, landsliðsþjálfari karla í handbolta, valdi í gær þá átján leikmenn sem fara með íslenska landsliðinu á æfingamótið í Danmörku sem hefst á fimmtudaginn en lýkur á sunnudaginn.



Að viðhöfðu samráði við læknateymi landsliðsins var ákveðið að Aron Pálmarsson færi ekki til Danmerkur. Hann verður í meðferð hér á landi fram yfir næstu helgi en þá kemur í ljós hvort hann geti tekið þátt á HM í Frakklandi.

## Bygma-hópurinn

- Markmenn -
Aron Rafn Eðvarðsson, Bietigheim
Björgvin Páll Gústavsson, Bergischer
- Línumenn -
Arnar Freyr Arnarsson, Kristianstad
Bjarki Már Gunnarsson, Aue
Kári Kristján Kristjánsson, ÍBV
Vignir Svavarsson, Tvis Holstebro
- Vinstri hornamenn -
Bjarki Már Elísson, Fuchse Berlin
Guðjón Valur Sigurðsson, R-N Löwen
- Hægri hornamenn -
Arnór Þór Gunnarsson, Bergischer
- Vinstri skyttur -
Guðmundur H. Helgason, Cesson
Ólafur Guðmundsson, Kristianstad
Tandri Konráðsson, Skjern
- Leikstjórnendur -
Arnór Atlason, Aalborg Håndbold
Gunnar Steinn Jónsson, Kristianstad
Janus Daði Smárason, Haukar
- Hægri skyttur -
Ásgeir Örn Hallgrímsson, Nimes
Ómar Ingi Magnússon, Aarhus
Rúnar Kárason, Hannover/Burgdorf

## Í dag

19.50 Tottenham - Chelsea — Sport
22.00 Messan — Sport

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
4. JANÚAR 2017 MIÐVIKUDAGUR

# KAFAÐ Í ÓÞRJÓTANDI GULLPOTTI

Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir árlegum swing- og nýárstónleikum í Hörpu í kvöld. Þar leikur hún margar perlur frá árunum 1930-1950 með hjálp gestasöngvaranna Sigríðar Thorlacius, Jóns Jónssonar og Ragga Bjarna.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Árlegir swing- og nýárstónleikar Stórsveitar Reykjavíkur verða haldnir í Hörpu í kvöld en þetta er í fjórða sinn sem tónleikarnir eru haldnir. Sem fyrr er það Sigurður Flosason saxófónleikari sem stýrir tónlistarflutningnum auk þess sem hann kynnir lögin sem leikin verða og upprunalega flytjendur þeirra. Gestasöngvarar í kvöld verða Sigríður Thorlacius og Jón Jónsson en sérstakur heiðursgestur er Ragnar Bjarnason.

Sigurður segir nýárstónleikana alltaf jafn skemmtilega enda hefur áheyrendahópurinn stækkað mjög hratt frá fyrstu tónleikum. „Vonandi verður þetta frábær tónlist í bland við skemmtilegan fróðleik. Grunnhugmyndin er alltaf sú sama en efnisskráin er breytileg frá ári til árs. Við leggjum upp úr því að spila upprunalegar útsetningar og spila stílinn eins nákvæmlega og við getum. Þetta er í rauninni alveg andstætt því sem við gerum á öðrum tónleikum þar sem við frumflytjum til dæmis nýja og framsækna tónlist.“



„Tónlistin er allt í senn kraftmikil og viðkvæm, litrík og rómantísk,“ segir Sigurður Flosason. MYND/GVA

## ÍSLENSK LÖG MEÐ

Hann segir þetta verkefni allt öðruvísi en önnur verkefni sveitarinnar en líka spennandi og krefjandi, bara á allt annan máta. „Þetta er kannski helst sambærilegt við það þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands spilar Mozart eða Beethoven. Þetta er okkar klassík, grunnurinn í stórsveitapýramídanum og kjölfesta í djasssögunni.“

Í kvöld verða fluttar margar af perlum gullaldar-swing-tímabilsins frá árunum 1930-50, þar á meðal lög með Glenn Miller, Benny Goodman, Gene Krupa, Duke Ellington og Artie Shaw.



Nat King Cole

„Dagskráin er að mestu leyti ný á hverju ári og á lagalista kvöldsins eru aðallega lög sem við höfum ekki spilað áður. Annað eru perlur sem eru eiginlega ómissandi á svona tónleikum. Við reynum að velja saman skemmtilega og fjölbreytta dagskrá sem endurspeglar flestar af helstu hljómsveitum tímabilsins. Í kvöld er svo nýr flötur á þessu hjá okkur en þá bjóðum við í fyrsta sinn upp á nokkur lög á íslensku, lög sem endurspegla hina íslensku gullöld sveiflunnar.“

## POPP SÍNS TÍMA

Og það er svo sannarlega ekki skortur á perlum frá þessu tímabili að sögn Sigurðar. „Þetta tímabil á ótrúlega mikið magn af skemmtilegri og fjölbreyttri tónlist. Stórsveitatónlistin var popp síns tíma og fjöldi listamanna og hljómsveita var gríðarlegur. Tónlistin er allt í senn kraftmikil og viðkvæm, litrík og rómantísk. Hún hefur yfir sér einhvern töfrablæ liðins tíma, tíma sem var einstakur í veraldarsögunni. Þetta er eiginlega óþrjótandi gullpottur sem gaman er að kafa í.“



Gene Krupa var einn áhrifamesti trommarinn í sögu djassins.

> Raggi er okkar eilífi gullaldarbarki. Fremsti swing-karlsöngvari allra tíma hér á landi. Þar fyrir utan er hann stórkostlegur maður sem öllum tónlistarmönnum, og reyndar allri þjóðinni, þykir einstaklega vænt um. Það er ekkert minna en stórkostlegt að hafa þennan frábæra söngvara og stórsjarmör með okkur.
>
> Sigurður Flosason

Gestasöngvarar kvöldsins, Sigríður, Jón og Raggi Bjarna, eru fulltrúar ólíkra kynslóða. „Sigríður og Jón eru náttúrulega bæði frábærir söngvarar af yngri kynslóðinni, mjög ólík en bæði mögnuð. Raggi er okkar eilífi gullaldarbarki. Fremsti swing-karlsöngvari allra tíma hér á landi. Þar fyrir utan er hann stórkostlegur maður sem öllum tónlistarmönnum, og reyndar allri þjóðinni, þykir einstaklega vænt um. Það er ekkert minna en stórkostlegt að hafa þennan frábæra söngvara og stórsjarmör með okkur.“

**Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld og fer miðasala fram á www.harpa.is.**






# SÝNIR GOMBRA Í GRÓFINNI

**Elín Edda Þorsteinsdóttir** myndasöguhöfundur opnar sýningu á teikningum sínum úr myndasögunni Gombri sem kom út á síðasta ári. Hún segir söguna ljóðræna og endurspegla pælingar hennar um tilvistina og náttúruna. Myndasöguformið bjóði upp á óþrjótandi möguleika.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Mér finnast teiknimyndir mjög skemmtilegar og þetta form hentar mér. Ég kem hlutunum auðveldlega frá mér þegar ég geri myndasögur,“ segir Elín Edda Þorsteinsdóttir, myndasöguhöfundur og nemandi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, en hún opnar sýningu í Borgarbókasafninu Grófinni, á föstudaginn.

„Ég mun sýna valdar blaðsíður úr myndasögunni Gombri, sem ég gaf út 1. apríl á síðasta ári og sýndi þá í Ekkisens. Teikningarnar eru allar unnar með vatnslitum og bleki. Ég sýni einnig nokkrar síður úr framhaldsbók um Gombra sem ég er með í smíðum, Gombri lifir, en hann hefur fylgt mér frá árinu 2013, þá fór ég að teikna hann fyrst. Mig hafði lengi langað til að gera teiknimyndasögu og fékk þá hugmyndina að Gombra. Hann er aðalpersóna sögu sem varð svo að 200 blaðsíðna bók. Ég ætlaði aldrei að gefa út aðra bók um hann, en það er gaman að teikna Gombra og ég var með svo margar hugmyndir að ég hélt áfram,“ segir Elín Edda en ekki er kominn fastur útgáfudagur á nýju bókina.

Hver er Gombri? „Í byrjun býr Gombri í yfirgefnum garði við yfirgefið hús. Allir ættingjar hans eru dánir eða farnir og hann er einn eftir að hugsa um garðinn. Hann er orðinn leiður á því og ákveður að yfirgefa garðinn og snúa ekki aftur. Svo hittir hann ýmsar persónur á ferð sinni, til dæmis móður Jörð. Hugsanlega snýr hann svo aftur í garðinn til að bjarga honum,“ útskýrir Elín Edda en segir söguna ekki innihalda meðvitaðan boðskap eða skilaboð til lesandans.

„Ekki beint. Þetta eru bara pælingar mínar um tilvistina og náttúruna og ljóðræn saga. Þessi saga er fyrir alla.“

Gombri er ekki eina myndasögubók Elínar Eddu en árið 2014 gaf hún út myndasöguna Plantan ásamt systur sinni, Elísabetu Rún. Þá gaf Elín einnig út ljóðabókina Hamingjan leit við og beit mig hjá Partus Press í október á síðasta ári. Spurð hvort hún sé teiknimyndaaðdáandi segist hún meira fyrir myndlist og ljóð.

„En ég hef farið að lesa myndasögur meira eftir að ég fór sjálf að gera þær, þá helst það sem kallast Indie sem er meira eins og skáldsögur. Myndasöguformið er mjög skemmtilegt og margt hægt að gera með það. Í raun er svo mikið sem á eftir að gera í því formi,“ segir Elín Edda.

Sýningin verður opnuð á föstudaginn klukkan 16 og stendur til 13. mars.

**Nánar má forvitnast um verk Elínar Eddu á www.elinedda.info**



Elín Edda Þorsteinsdóttir, myndasöguhöfundur og nemandi við Listaháskóla Íslands, opnar sýningu á föstudaginn á Borgarbókasafninu í Grófinni. MYND/GVA



Á ferð sinni hittir Gombri ýmsar persónur, meðal annars móður Jörð.




**„Í byrjun býr Gombri í yfirgefnum garði við yfirgefið hús. Allir ættingjar hans eru dánir eða farnir og hann er einn eftir að hugsa um garðinn. Hann er orðinn leiður á því og ákveður að yfirgefa garðinn og snúa ekki aftur.“**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# AFSLÁTTARDAGAR

AÐEINS 5.-15.JANÚAR

CHASSEUR





hrím

www.hrim.is

20%

AF ÖLLU*

20%

AF ÖLLU*











70%

AF KOBESTYLE STELLUM OG ORREFORS KOSTA BODA



50%

AF VÖLDUM VÖRUM

*NEMA SMEG

50%




LAUGAVEGI 25 / LAUGAVEGI 32 / KRINGLUNNI

S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500

# Ótrúlegt tilboð á nokkrum Stema 2.7 og 3.5 tonna tækjakerrum




## Smákerrur



Stema 550 og 750 Basic. Einnig yfirbyggingar, lok, segl og skjólborðahækkanir.

Stærð á palli: 201x108 cm
Heildarstærð: 292x150x87
Burður: 615 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 135 kg

**Kr. 105.741,- án vsk**

## Snjósleðakerrur



Stema 750 MUT kerrur fyrir snjósleða og fjórhjól með stórum gafli og hallanlegum palli.

Stærð á palli: 313x128 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Burður: 559 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 191 kg

**Kr. 212.194,- án vsk**

## Flutningakerrur



Stema 2700 og 3500 kg flutningavagnar á frábæru verði. Afgreiddir með hliðarborðum,skráningu og tilbúnir til notkunar.

| | 2700 | 3500 |
|---|---|---|
| Stærð á palli: | 401x203 | 401x203 cm |
| Heildarstærð: | 568 x 216 x 70 cm | |
| Dekkjastærð: | 4 x 13" | 4 x 13" |
| Þyngd: | 466 kg | 466 kg |
| Burður: | 2234 kg | 3034 kg |

**Frá kr. 483.120,- án vsk**

## Sturtukerrur



Stema 2700 kg sturtuvagnar með rafdrifinnar vökvadælu. Sérpöntun á sturtuvögnum með aftur- og hliðarsturtu.

Stærð á palli: 301x153 cm
Heildarstærð: 441 x 166 x 70 cm
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg

**Frá kr. 791.120,- án vsk**

## Tækjakerrur



Stema 2700/3500 tveggjahásinga. Sterkar og öflugar kerrur með sliskjum á góðu verði.

| | 2700 | 3500 |
|---|---|---|
| Stærð á palli: | 301x141 | 301x165 cm |
| Heildarstærð: | 503/202/66 | 503/227/66 |
| Dekkjastærð: | 195/50 R13C | |
| Þyngd: | 725 kg | 750 kg |
| Burður: | 1975 kg | 2750 kg |

**Frá kr. 799 ~~...~~,- án vsk**

## Bílakerrur



Stema 3500 bílavagnar með sliskjum, hallanlegum palli og búnaði til að draga tæki upp á hann.

Stærð á palli: 400x201 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Burður: 2660 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 840 kg

**Frá kr. 599.000,- án vsk**

## Stema 750 kerrur fyrir iðnaðarmenn



- flatvagn sem tekur hefðbundna stærð af tréplötum
- hægt að vera með skjólborð (auðvelt að taka af)
- box fyrir tækjageymslu eða verkstæði (aukabúnaður)
- box er með tveimur hurðum og læst með lykli
- box er með festingum á hlið fyrir hurðir við opnun
- þessi kerra er ekki skráningarskyld og ber 573 kg

**Stema Systema 750 (pallur 251x153) er á kr. 199.000,- án vsk**

## Stema 750 boxkerrur fyrir ferðalög



- farangurskerra fyrir minni langferðabíla
- farangurskerra fyrir ferðafólk á bílaleigubílum
- flutningakerra fyrir fólk með fjölbreyttan búnað
- tækjakerra fyrir sjálfstæða iðnaðarmenn
- lok á kerrum eru læst með lykli og með vökva lyftitjakk
- hægt er að fá skjólborðahækkun og boxhæð er þá um 90 cm

**Stema 550 með loki er á aðeins kr. 182.111,- án vsk**

| Gerð kerru | Verð áður (án vsk) | Verð í dag (án vsk) | Lækkun |
|---|---|---|---|
| 550 Basic kerrur | Kr. 104.032,- | Kr. 91.548,- | 12% |
| 750 Basic kerrur | Kr. 120.161,- | Kr. 105.741,- | 12% |
| 750 MUT kerrur | Kr. 241.129,- | Kr. 212.194,- | 12% |
| 2700 kerrur | Kr. 549.000,- | Kr. 483.120,- | 12% |
| 3500 kerrur | Kr. 599.000,- | Kr. 527.120,- | 12% |
| 2700 sturtukerrur | Kr. 899.000,- | Kr. 791.120,- | 12% |
| 3500 bílakerrur | Kr. 849.000,- | Kr. 799.000,- | 5.9% |
| 2700 bílakerrur | Kr. 649.000,- | Kr. 599.000,- | 7.7% |

**ÁSAFL**

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Brynja Þórarinsdóttir**
hjúkrunarheimilinu Skjóli,
(áður Skúlagötu 20),

lést á Skjóli á Þorláksmessu
23. desember sl. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum starfsfólki Skjóls fyrir góða umönnun
undanfarin ár.

**Þórarinn Gunnarsson**
**Ragnhildur Gunnarsdóttir** **Guðmundur Magnússon**
**Bergsteinn Gunnarsson** **Anna Sigrún Björnsdóttir**
**Theódóra Gunnarsdóttir** **Garðar Gíslason**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurgeir Rúnar Sigurgeirsson**
húsasmiður
Ásakór 11, Kópavogi,

lést á gjörgæslu hjartadeildar jóladag, 25. desember.
Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju 6. janúar klukkan 15.

**María Björg Gunnarsdóttir**
**Einar Hallur Sigurgeirsson** **Iðunn Árnadóttir**
**Erlingur Sigurgeirsson** **Þuríður Hallgrímsdóttir**
**Hafdís Maríudóttir** **Andrés Jónsson**
**Gunnar Austmann** **Alda Lovísa Tryggvadóttir**
**og barnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Anna Þórðardóttir Bachmann**

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi,
á nýársdag. Útförin fer fram frá
Borgarneskirkju laugardaginn 7. janúar
kl. 14. Þeim sem vildu minnast hennar er bent
á Minningarsjóð Brákarhlíðar – sjá heimasíðu:
www.brakarhlid.is, Borgarnesi.

**Þórður B. Bachmann** **Björg H. Kristófersdóttir**
**Guðrún Kristín Bachmann** **Pétur Georg Guðmundsson**
**Guðjón B. Bachmann** **Kristín Anna Stefánsdóttir**
**Atli B. Bachmann**
**ömmu- og langömmubörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Árndís Ólöf Pálsdóttir**
dvalarheimilinu Hornbrekku,
Ólafsfirði,

lést miðvikudaginn 28. desember.
Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju
laugardaginn 7. janúar kl. 14.00.

**Margrét Hafliðadóttir** **Grétar Kristinsson**
**Halla Hafliðadóttir** **Friðþjófur Þorsteinsson**
**Ragnar Kristinn Guðjónsson** **Hafdís Pálsdóttir**
**Ríkarður Guðjónsson** **Jóhanna Rósa Jónsdóttir**
**Björg Guðjónsdóttir** **Bjarki Björgólfsson**
**Guðmundur Þór Guðjónsson** **Aðalheiður Einarsdóttir**
**Hugrún Guðjónsdóttir** **Magnús Marinósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, fósturfaðir, afi og langafi,

**Árni Vigfússon**
húsasmíðameistari,
Hlaðbæ 20, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju
föstudaginn 6. janúar klukkan 13.00.

**Ragnheiður Magnúsdóttir**
**Örlygur Vigfús Árnason** **Ásrún Vilbergsdóttir**
**Gunnar Valdimar Árnason**
**Magnús Hörður Hákonarson**
**og barnabörn.**

ÞETTA GERÐIST 4. JANÚAR 1984

## Ofsaveður og öngþveiti

Suðaustanátt með blindbyl og skafrenningi gekk yfir landið vestanvert þennan dag árið 1984. Víða skapaðist öngþveiti á höfuðborgarsvæðinu og segja má að öll umferð hafi stöðvast um tíma. Strætisvagnaferðir féllu niður í sex klukkustundir og 25 strætisvagnar festust víða um borgina. Lögregla og björgunarsveitir áttu annríkt við að aðstoða nauðstadda enda lenti fjöldi fólks í hrakningum, bílar sátu fastir eða fuku út af veginum. Jeppi sem var að flytja sjúkling frá Bifröst í Borgarfirði fór út af í Stafholtstungum. Snjóruðningstæki fóru á móti honum en komust ekki nema að Svignaskarði því þar voru þriggja metra háir skaflar á veginum. Um fjörutíu bílar sátu fastir á Holtavörðuheiði en allir sem í þeim voru, um 100 manns, komust til byggða í Hrútafirði seint um kvöldið.





†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og vinur,

**Marvin G. Hallmundsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
aðfaranótt 17. desember sl.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
föstudaginn 6. janúar klukkan 13.00.

**Hallmundur Marvinsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**Gyða María Marvinsdóttir** **Vilmundur Tryggvason**
**Eysteinn Marvinsson** **Guðrún Waage**
**Ólöf Ólafsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín,
móðir og dóttir,

**Elín Ólafsdóttir**
flugfreyja hjá Icelandair,
Baugholti 5, Keflavík,

lést á Sahlgrenska sjúkrahúsinu
í Gautaborg 16. desember.
Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 5. janúar
2017 kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á söfnunarreikning
0147-15-551249. Kt: 150874-4759.

**Ragnar Már Guðmundsson**
**Viðar Már Ragnarsson**
**Júlía Dögg Ragnarsdóttir**
**Elín Júlíusdóttir**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Brynhildur Sigurðardóttir**

er látin. Jarðsungið verður í
Grafarvogskirkju 6. janúar klukkan 13.00.

**Sigríður Magnúsdóttir** **Grettir Gíslason**
**Sveinn Brynjar Diego** **Ólína Björk Kúld**
**Jóna Sveinsdóttir Diego**
**Elma Björk Diego** **Vilhjálmur Húnfjörð**
**Arnar Þór Diego** **Signý Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Símon Ólafur Viggósson**

lést á líknardeild Kópavogs
á nýársdagskvöld 1. janúar.

**Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir**
**Herborg Hulda Símonardóttir** **Arnar Heiðarsson**
**Karólína Helga Símonardóttir** **Daði Garðarsson**
**Theodór Valur Símonarson** **Merenía Kristín Duff Hrafnkelsdóttir**
**og barnabörn.**



Elsku faðir minn, sonur og bróðir,

**Pétur Freyr Halldórsson**

lést á heimili sínu þann 21. desember.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju
föstudaginn 6. janúar kl. 13.

**Rebekka Sigríður Pétursdóttir**
**Sigríður Guðlaug Sigurðardóttir**
**Anna Halldórsdóttir** **Tryggvi Már Gunnarsson**



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og
hlýhug vegna andláts og útfarar
ástkærrar eiginkonu, móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ölmu Benediktu Andrésardóttur**

**Sveinn Freyr Rögnvaldsson**
**Elsa Sveinsdóttir** **Hreidar Eyfjörd**
**Auður Thorarensen**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

Elsku maðurinn minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Jónsson**
áður útibússtjóri Póstsins, Neshaga,
Sóltúni 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
28. desember. Útförin fer fram frá
Laugarneskirkju fimmtudaginn 5. janúar kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.

**Sigfríð Hákonardóttir**
**og aðstandendur.**



†

Elsku móðir okkar,
amma og langamma,

**Svafa Kjartansdóttir**
frá Fremri-Langey,
Ljósheimum 10, Reykjavík,

sem lést 29. desember
á hjúkrunarheimilinu Sóltúni verður
jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 6. janúar kl. 15.00.

**Gretar Reynisson**
**Rúnar Reynisson**
**Erla Reynisdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# útsala

## — allar vörur —

# 15%
# 40%
# 50%
# 75%

ROYAL COPENHAGEN

Villeroy & Boch 1748

ROSENDAHL COPENHAGEN

GEORG JENSEN

KONGELIG HOFLEVERANDØR KAY BOJESEN DENMARK

BY APPOINTMENT TO THE ROYAL DANISH COURT HOLME GAARD 1825

KOSTA BODA SWEDEN 1742

WMF

Orrefors FINE CRYSTAL SINCE 1898

zak! designs

# KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Sunnan 8-13 í dag. Snjókoma og síðar slydda eða rigning sunnan- og vestanlands en þurrt á NA- og A-landi. Hlýnandi veður.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -2° | 4° |
| ↗14 | ↗14 | ↑20 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 6° | -0° |
| ↑19 | ↑11 | ↗20 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -2° | -5° |
| →9 | →9 | →8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -5° | -1° | -6° |
| →10 | →7 | →11 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. jurtatrefjar
6. rómversk tala
8. tunna
9. rénun
11. í röð
12. ofreyna
14. yndis
16. skóli
17. útsæði
18. for
20. til
21. traðkaði

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. skyldir
4. skjalla
5. verkur
7. margorður
10. málmur
13. útdeildi
15. fræ
16. ílát
19. kyrrð




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. bast, 6. lm, 8. áma, 9. lát, 11. jk, 12. sliga, 14. unaðs, 16. fg, 17. fræ, 18. aur, 20. að, 21. tróð.
LÓÐRÉTT: 1. alls, 3. aá, 4. smjaðra, 5. tak, 7. málugur, 10. tin, 13. gaf, 15. sæði, 16. fat, 19. ró.

### Skák Gunnar Björnsson

Kaikamdhsosow átti leik gegn Metschkarow í Búlgaríu árið 1969.

**Svartur á leik**

**1. ... Df3! 2. Df1** (2. Dxf3 Ha1+ og mátar) **2. ... Ha1! 3. Re1 Hxe1! 4. Dxe1 Dg2# 0-1.**
Guðmundur Kjartansson og Vignir Vatnar tefla á erlendri grundu.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |




## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:40 - 8 - 10:50 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5 - 8 - 10:20 - 10:50 |
| ROGUE ONE 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| ALLIED | KL. 8 - 10:50 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 9 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 10:45 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 10:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 8 |
| ASSASSIN'S CREED | KL. 10 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 10:30 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5:30 - 8:30 - 10:20 |
| OFFICE CHRISTMAS PARTY | KL. 8 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| COLLATERAL BEAUTY | KL. 8 - 10:20 |
| ROGUE ONE 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |




Sigríður Thorlacius mun skemmta í Silfurbergi í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. JANÚAR 2017

### Tónleikar

**Hvað?** Nýárstónleikar Stórsveitar Reykjavíkur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Stórsveit Reykjavíkur fagnar nýju ári með árlegum sveiflualdartónleikum sínum í Silfurbergi í Hörpu. Þetta verður í þriðja sinn sem sveitin heldur stórtónleika helgaða swing-tímabilinu eða gullöld sveiflunnar (u.þ.b. 1930-1950). Um er að ræða galatónleika þar sem ekkert er til sparað. Gestasöngvarar verða þau Sigríður Thorlacius og Jón Jónsson. Sérstakur heiðursgestur verður Ragnar Bjarnason.

### Viðburðir

**Hvað?** Fræðslufundur um Veganúar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Kynningarfundur um Veganúar 2017 þar sem allt sem tengist vegan-lífsstílnum er kynnt fyrir áhugasömum. Tilvalið fyrir þá sem íhuga að taka upp nýjan lífsstíl þar sem öllum dýraafurðum er sleppt.



Veganúar-fundur verður haldinn í Bíói Paradís.

**Hvað?** Ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Háskólatorg
Á ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem er efst á baugi í líf- og heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands og utan hverju sinni. Á dagskrá ráðstefnunnar verða málstofur, veggspjaldasýningar og spennandi gestafyrirlesarar. Skipulag ráðstefnunnar verður með svipuðu sniði og áður. Sérstök áhersla verður lögð á að málstofur á ráðstefnunni verði eins þverfræðilegar og hægt er til þess að tengja saman vísindafólk úr ólíkum greinum. Ekkert skráningargjald er á ráðstefnuna en skráning er samt sem áður skilyrði fyrir þátttöku.


**ÚTBOÐ**

Ný útboð/verkefni í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Perlan Öskjuhlíð – Milligólf 2. hæð,**

útboð nr. 13831.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is




Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT




BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Lion | 17:30, 22:00 |
| Slack Bay | 17:30 |
| Eiðurinn ENG SUB. | 17:45 |
| Absolutely Fabulous | 20:00 |
| Embrace of the Serpent | 20:00 |
| Gimme Danger | 22:00 |
| Grimmd | 22:30 |



FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

EFLA

Tenging Hólasands og Akureyrar - Hólasandslína 3

**Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á tillögu að matsáætlun á vinnslustigi og athugasemdafrestur.**

Landsnet undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3. Um er að ræða nýja 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi svo það ráði betur við truflanir, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með samtengingu virkjanasvæða og til að mæta þörfum við uppbyggingu og núverandi atvinnustarfsemi á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdirnar eru einnig mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild sinni þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta þess á suðvesturhorninu og veikari hluta þess austanlands. Línan mun því bæta afhendingaröryggi raforku á Norður- og Austurlandi til muna.

**Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 4. janúar til 18. janúar 2016.**

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Landsnet hefur hafið vinnu við matið og er tillaga að matsáætlun er nú birt til kynningar á vinnslustigi. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Landsnets, **www.landsnet.is**, og á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, **www.efla.is**.

Óskað er eftir ábendingum og athugasemdum sem nýst geta við komandi umhverfismatsvinnu. Allir geta gert athugasemdir við drögin. Koma skal athugasemdum til Friðriku Marteinsdóttur hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið **fridrika.marteinsdottir@efla.is** frá 4. til 18. janúar. Skriflegar athugasemdir skal merkja **„Hólasandslína 3 220 kV. Drög að tillögu að matsáætlun“** og senda á eftirgreint heimilisfang: **EFLA Verkfræðistofa, V.t. Friðrika Marteinsdóttir, Hofsbót 4a, 600 Akureyri**

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is



**Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Hilmir Snær Guðnason í hlutverkum sínum í Sölku Völku í Borgarleikhúsinu.**
MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Átakalítil örlög í endalausum gráma

**LEIKHÚS**

**Salka Valka**

★★☆☆☆

**Byggt á samnefndri skáldsögu eftir Halldór Kiljan Laxness**

**Borgarleikhúsið**

**Leikgerð:** Yana Ross og Salka Guðmundsdóttir
**Leikarar:** Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Halldóra Geirharðsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Björn Stefánsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Jóhann Sigurðarson, Halldór Gylfason, Guðni Kolbeinsson, Júlía Guðrún L. Henje og Auður Árnadóttir
**Leikstjórn:** Yana Ross
**Leikmynd:** Michał Korchewiec
**Búningar:** Filippía I. Elísdóttir
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Dramatúrg:** Salka Guðmundsdóttir
**Tónlistarstjórn og hljóðmynd:** Baldvin Þór Magnússon
**Myndbandshönnun:** Algirdas Gradauskas
**Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir

Salka Valka eftir Halldór Laxness er Íslendingum afar kær, þessi þroskasaga ungrar verkastúlku sem berst við persónulegt og samfélagslegt mótlæti snertir einhverja djúpa strengi í þjóðarsálinni. Það var því eðlilega spenna loftinu þegar Salka Valka var frumsýnd í Borgarleikhúsinu 30. desember síðastliðinn.

Með eftirminnilega túlkun á Mávinum eftir Anton Chekhov í farteskinu snýr Yana Ross aftur í Borgarleikhúsið, nú með jólafrumsýningu hússins á herðunum. Sýningin hefst þegar Steinþór Steinsson flýr Óseyri við Axlarfjörð og skilur mæðgurnar Sölku Völku og Sigurlínu eftir í sárum. Leikstjórinn er skrifuð fyrir leikgerðinni ásamt leikskáldi hússins, Sölku Guðmundsdóttur. Túlkun þeirra á verkinu er áræðin en skortir alla undirbyggingu, bæði hvað varðar tilfinningar persóna og framvindu. Það boðar ekki gott þegar fyrstu atriði sýningarinnar bera vott um slíkan skort sem svo verður að gegnumgangandi vandamáli alveg til loka.

Hjartsláttur sögunnar er ástarþríhyrningur Sölku Völku, Steinþórs og Sigurlínu. Salka Valka er risastórt og krefjandi hlutverk fyrir unga leikkonu og fyrirfram var spennandi að sjá hvernig hin hæfileikaríka Þuríður Blær myndi tækla þessa kjarnakonu. Henni er enginn greiði gerður með þessari sýningu því hún fær nánast ekki tækifæri til að gefa Sölku líf þar sem senurnar eru frekar tilbrigði við atriði frekar en hluti af einhverri skýrri heild.

Hilmi Snæ Guðnasyni tekst næstum því að færa sýninguna yfir á annað og skárra plan einum síns liðs. Hann kemur með kraft inn í senur og nær að láta þær krauma en líður fyrir sótthreinsaða lögn leikstjórans. Halldóra Geirharðsdóttir er ein af okkar allra bestu leikkonum en í þetta skiptið nær hún ekki að koma Sigurlínu nægilega vel til skila.

Að mestu muldra leikararnir sig í gegnum textann með litlum áherslum. Hilmar Guðjónsson gerir ágætlega en Arnaldur er frekar máttvana í sýningunni. Þau Björn Stefánsson, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Halldór Gylfason fljóta í gegnum verkið, en skilja lítið eftir sig. Jóhann Sigurðarson og Sigrún Edda Björnsdóttir fá einnig lítið að gera en ein fallegasta sena sýningarinnar er hversdagslegt en innilegt samtal á milli Bogesen kaupmanns og Steinunnar.

Til hliðar við skáldverkið er komið fyrir sögu um kvikmyndagerðarfólk sem er að taka upp bíómyndina Sölku Völku. Framvindan er líka reglulega brotin upp með innskotum þar sem leikararnir stíga til hliðar og útskýra afstöðu sína til verksins með tilvísunum í íslenskan samtíma. Allt þetta hljómar ágætlega á blaði en verður afskaplega leiðigjörn hugmyndafræðileg mötun. Seinni helmingur sýningarinnar sligast áfram með miklum þunga og verður gríðarlega langdreginn.

Hvernig eiga átök sögunnar að komast til skila, þau innri sem ytri, ef leikararnir nálgast persónur sínar eins og úr fjarlægð? Líkt og einlægni hafi verið gerð útlæg. Þessi afstaða hlýtur að skrifast á leikstjórann en ber líka merki um tískubylgju innan íslenskra sviðslista þar sem sjálfhverfni verður miðpunktur sýninga. Þessu verður að linna. Afbyggingin er áhugaverð og spennandi í eðli sínu, hún krefur áhorfendur um að takast á við innsta kjarna verkanna sem um ræðir en bak við hugsun og hugmyndir verður að liggja tilfinningaleg tenging, mannleg ástríða og spenna.

Tæknikonan Juliette Louste, sem sér um myndatökuna, og sögumaðurinn Guðni Kolbeinsson mynda áhugaverðasta teymi sýningarinnar. Þau sýna bæði lit, tilfinningalegar áherslur og næmi í sínum hlutverkum sem varla er hægt að segja um nokkurn annan í sýningunni. Tónlistarstjórn og hljóðmynd er í höndum Baldvins Þórs Magnússonar en af einhverjum ástæðum leikur klisjukennd vestratónlist og gítarglamur stórt hlutverk sem aftengir sýninguna enn frekar. Hljóðmyndin er hótinu skárri.

Leikmynd Michał Korchowiec er áhugaverð fyrir augað og skiptir stóra sviðinu fallega upp í sviðsvænar einingar en verður fljótlega þunglamaleg og spennulaus, líkt og sýningin sjálf. Búningar Filippíu I. Elísdóttur hafa oft verið betri en litleysið ræður þar líka ríkjum sem og í ljósahönnun Björns Bergsteins Guðmundssonar.

Afar sorglegt er að sjá slíka meðhöndlun á Sölku Völku, skáldverki sem er barmafullt af bullandi tilfinningum og ástríðu en birtist áhorfendum hér sem grámyglan ein. Klassísk og ástsæl verk hafa gott af nýjum áherslum en mannlegar tilfinningar hljóta að þurfa vera kjarni slíkra sýninga. Það fer lítið fyrir þeim hér. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Dauðhreinsuð leikstjórn skilar blóðlítilli sýningu.



AUKATÓNLEIKAR KL. 16
UPPSELT KL. 20
SÉRSTAKIR GESTIR
Björgvin, Halli & Hjörtur Howser
Egils Appelsín kynnir með stolti
EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
BJARTMAR GUÐLAUGSSON
SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR
SIGRÍÐUR THORLACIUS
LADDI 7 TUGUR
70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR Í ELDBORG 21. JANÚAR
MIÐASALA Á HARPA.IS!
TÓNLISTAR- OG HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG HLJÓMBORÐ JÓN ÓLAFSSON BASSI ANDRI ÓLAFSSON TROMMUR BASSI ÓLAFSSON
HLJÓMBORÐ OG GÍTAR HARALDUR V. SVEINBJÖRNSSON TROMPET OG SLAGVERK KJARTAN HÁKONARSON GÍTAR, MANDÓLÍN, BANJÓ OG FIÐLA MATTHÍAS STEFÁNSSON
BÁSÚNA OG SLAGVERK SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON GÍTAR, MANDÓLÍN OG SAXÓFÓNN VILHJÁLMUR GUÐJÓNSSON HANDRIT OG SVIÐSETNING BJÖRN G. BJÖRNSSON
Egils APPELSÍN
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/LADDI70
sena LIVE!




**ÍSSKÁPASTRÍÐ**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur í umsjón Evu Laufeyjar og Gumma Ben sem jafnframt gegna hlutverki liðsstjóra. Dómarar eru Siggi Hall og Hrefna Sætran og það kemur í þeirra hlut að velja sigurvegara kvöldsins.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



**BLACK WIDOWS**
Þrjár vinkonur sem allar eru orðnar leiðar á eiginmönnum sínum ákveða að koma þeim fyrir kattarnef og öðlast langþráð frelsi en ekki er allt sem sýnist.

**BONES**
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



**MAN SEEKING WOMAN**
Gamanþættir um vonlausan svifhuga sem hefur örvæntingafulla leit af ástinni eftir að æskuástin segir skilið við hann.



**LAST DAYS ON MARS**
Spennutryllir frá 2103 með Liv Schreiber í aðalhlutverki. Myndin fjallar um geimfara sem Schreiber leikur, sem fer fyrir hópi geimfara sem einn af öðrum týna lífinu af völdum ókunnrar bakteríu, um það bil þegar þeir eru að ljúka við sýnatöku á Mars.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is



# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **Teen Titans Go!**
**07.45** **The Middle**
**08.10** **Mindy Project**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **Spurningabomban**
**11.10** **Dallas**
**11.55** **Atvinnumennirnir okkar**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Lögreglan**
**13.30** **Besti vinur mannsins**
**13.55** **Grantchester Christmas Special**
**15.05** **Major Crimes**
**15.50** **Mr Selfridge**
**16.35** **Simpson-fjölskyldan**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.20** **Víkingalottó**
**19.25** **The Goldbergs**
**19.45** **Mom** Þriðja gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina Christy sem hefur háð baráttu við bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.
**20.10** **Ísskápastríð**
**20.45** **Black Widows**
**21.30** **Bones**
**22.15** **Nashville**
**23.00** **Lethal Weapon**
**23.45** **Battle Creek** Glæpaþættir með gamansömu ívafi með Josh Duhamel og Dean Winters í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um tvo afar ólíka rannsóknalögreglumenn sem hafa mismunandi skoðun á nákvæmlega öllu. Á einhvern undarlegan hátt ná þeir þó saman í starfi og vinna að því að uppræta glæpi á götum Battle Creek.
**00.30** **Rita**
**01.15** **Humans**
**02.00** **Jupiter Ascending**
**04.05** **Vamps**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10** **Premier League Review**
**09.05** **Football League Show**
**09.35** **NBA**
**11.25** **Kvennalandsliðið í Kína**
**12.35** **NFL**
**14.50** **Premier League**
**16.30** **Premier League**
**18.10** **Premier League**
**19.50** **Premier League**
**22.00** **Messan**
**23.40** **Premier League**
**01.20** **Messan**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.55** **Premier League**
**09.35** **Premier League**
**11.15** **Premier League**
**12.55** **Spænski boltinn**
**14.40** **Spænski boltinn**
**16.20** **Spænsku mörkin**
**16.45** **Premier League Review**
**17.40** **Football League Show**
**18.10** **NBA**
**19.00** **NFL**
**21.35** **Þýski boltinn**
**23.15** **Körfuboltakvöld**

## STÖÐ 3

**18.10** **Cristela**
**18.35** **Raising Hope**
**19.00** **The New Girl**
**19.25** **Modern Family**
**19.50** **Fangavaktin**
**20.30** **Íslenskir ástríðuglæpir**
**20.55** **Man Seeking Woman**
**21.20** **Supernatural**
**22.05** **Rome**
**23.00** **Klovn**
**23.30** **The Knick**
**00.25** **Angie Tribeca**
**00.50** **Fangavaktin**
**01.30** **Íslenskir ástríðuglæpir**
**01.55** **Man Seeking Woman**
**02.20** **Supernatural**
**03.05** **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Áfram Diego, áfram!**
**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur**
**08.00** **Ævintýri Tinna**
**08.25** **Hvellur keppnisbíll**
**08.37** **Stóri og Litli**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **Víkingurinn Viggó**
**09.13** **Zigby**
**09.25** **Strumparnir**
**09.47** **Mæja býfluga**
**10.00** **Könnuðurinn Dóra**
**10.24** **Mörgæsirnar**
**10.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur**
**12.00** **Ævintýri Tinna**
**12.25** **Hvellur keppnisbíll**
**12.36** **Stóri og Litli**
**12.48** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **Víkingurinn Viggó**
**13.13** **Zigby**
**13.25** **Strumparnir**
**13.47** **Mæja býfluga**
**14.00** **Könnuðurinn Dóra**
**14.24** **Mörgæsirnar**
**14.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur**
**16.00** **Ævintýri Tinna**
**16.25** **Hvellur keppnisbíll**
**16.36** **Stóri og Litli**
**16.48** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **Víkingurinn Viggó**
**17.13** **Zigby**
**17.25** **Strumparnir**
**17.47** **Mæja býfluga**
**18.00** **Könnuðurinn Dóra**
**18.24** **Mörgæsirnar**
**18.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00** **Hetjur Valhallar - Þór**



**Könnuðurinn Dóra kl. 10.00, 14.00 og 18.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** **The Open Championship 2016**
**11.50** **The Open Championship 2016**
**16.35** **The Open Championship 2016**
**20.10** **The Open Championship 2016**
**23.10** **The Open Official Film 2016**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.05** **Ingenious**
**13.35** **Leonie**
**15.15** **Belle**
**17.00** **Ingenious**
**18.30** **Leonie** Ung, bandarísk kona eignast son með japönskum unnusta sínum og fer með honum til Japans þar sem hún neyðist fljótlega til að standa á eigin fótum. Kvikmyndin Leonie er saga Leonie Gilmour sem árið 1904 eignaðist soninn Isamu Noguchi með unnusta sínum Yone Noguchi. Leonie flutti til hans í Japan þar sem hún komst að því að hann átti tvær aðrar eiginkonur. Leonie ákvað að yfirgefa Yone og freista þess að standa á eigin fótum í Japan. Það átti hins vegar eftir að reynast erfitt í landi þar sem hún var svo gott sem bæði fordæmd og mállaus og aldagamlir siðir voru allt öðruvísi en hún hafði vanist.
**20.15** **Belle**
**22.00** **Last Days on Mars**
**23.40** **Phone Booth**
**01.00** **San Andreas**
**02.55** **Last Days on Mars**

## RÚV

**16.45** **Andri á Færeyjaflandri**
**17.15** **Eldað með Ebbu**
**17.45** **Táknmálsfréttir**
**17.55** **Disneystundin**
**17.56** **Finnbogi og Felix**
**18.18** **Sígildar teiknimyndir**
**18.25** **Gló magnaða**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Plastbarkamálið**
**21.15** **Neyðarvaktin**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Before the Flood**
**23.55** **Kastljós**
**00.25** **Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **America's Funniest Home Videos**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Bachelor**
**09.45** **Síminn + Spotify**
**13.20** **Dr. Phil**
**14.00** **Younger**
**14.20** **Royal Pains**
**15.05** **The Grinder**
**15.25** **The Odd Couple**
**15.50** **Man With a Plan**
**16.10** **Speechless**
**16.35** **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.15** **The Late Late Show with James Corden**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Everybody Loves Raymond**
**19.00** **King of Queens**
**19.25** **How I Met Your Mother**
**19.50** **American Housewife**
**20.15** **Survivor**
**21.00** **Bull**
**21.45** **Quantico**
**22.30** **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.10** **The Late Late Show with James Corden**
**23.50** **Jericho**
**00.35** **Sex & the City**
**01.00** **MacGyver**
**01.45** **Inside Men**
**02.35** **Bull**
**03.20** **Quantico**
**04.05** **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**04.45** **The Late Late Show with James Corden**
**05.25** **Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

**Ofnar, háfar og helluborð frá Beko, Grundig og Kitchenaid með allt að 50% afslætti**

**Kitchenaid pottar og búsáhöld með allt að 60% afslætti**

**Dyson ryksugur með allt að 44% afslætti**

**Kimbo kaffibaunir 20% afsláttur**

**Kitchenaid blandarar, brauðristar, katlar, matvinnsluvélar og fleira á frábærum verðum**

**Olíufylltir ofnar með allt að 29% afslætti**

**William Bounds salt og piparkvarnir með 50% afslætti**

**Severin kæliskápar með allt að 40% afslætti**

**Saeco kaffivélar með allt að 38% afslætti**

**Kitchenaid hrærivélar í mörgum litum á 69.990**

*Opið mán. til föst. 9-18 og lau. 11-15*

***Sjá allt úrvalið á www.ef.is***

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Tvö keimlík mynstur valda deilum í hönnunarheiminum

Facebook-færsla sem hönnuðurinn **Linda Björg Árnadóttir** birti í gær hefur vakið eftirtekt. Í færslunni vekur Linda athygli á því að flíkur eftir hönnuðinn **Andreu Magnúsdóttur** séu skreyttar mynstri sem líkist hennar hönnun.

Það hafa margir hönnuðir bent mér á þessi líkindi síðastliðnar vikur og ég ætlaði nú ekki að gera neitt sérstakt mál úr þessu," segir Linda um þá staðreynd að mynstur sem skreytir flíkur frá merkinu AndreA sé líkt mynstri sem hún sjálf hannaði. „En mér þykir þetta leiðinlegt og finnst vanta upp á virðingu fyrir verkum hönnuða og skilning á því að verk þeirra eru hugverk."

Linda segir heilmikla vinnu liggja á bak við hönnun hennar og að mynstrin séu ekki afrakstur neins slyss. „Til þess að hægt sé að tala um stuld þá þarf hugmyndin sem er stolið að vera mjög afgerandi og stuldurinn augljós, þannig finnst mér þetta vera í þessu tilfelli. Ég hef starfað sem munsturhönnuður í 20 ár og hef komið mér upp banka af formum og kerfum sem ég hef notað endurtekið. Ég tel að hönnun mynstra minna sem ég nota í vörur Scintilla sé mjög sérstök og að það sé fátt þarna úti sem líkist þeim. Mynstrin mín eru afrakstur mikillar rannsóknarvinnu með form og liti og þau eru engin tilviljun eða eitthvert slys."

„Nei, mér finnst vera orðið til mikið af frábærum hönnuðum á Íslandi sem kunna góð vinnubrögð og bera virðingu fyrir verkum annarra," segir Linda spurð út í hvort hún verði reglulega vör við hönnunarstuld á íslenskum markaði. „Auðvitað verða alls konar tilvísanir í hönnun og þá helst sögulegar sem ekki flokkast sem stuldur. Ég til dæmis tel mig vera að vísa í Art Deco og Memphis í mínum verkum.




Til hægri má sjá mynstur eftir Lindu Björg Árnadóttur. Til vinstri má sjá flík frá merkinu AndreA.

En það verða allir að skapa sér sína sérstöðu því annars verða ekki til nein hugverk. Ef hönnuður nær að búa til auðþekkjanlegan stíl, sinn fagurfræðilega eða hugmyndalega heim, þá er sá hinn sami góður hönnuður."

**MYNSTRIN MÍN ERU AFRAKSTUR MIKILLAR RANNSÓKNARVINNU MEÐ FORM OG LITI OG ÞAU ERU ENGIN TILVILJUN EÐA EITTHVERT SLYS.**

Linda Björg Árnadóttir



**UMRÆTT MYNSTUR ER UPPRUNALEGA FJAÐRIR EÐA AFTURENDI Á PÁFUGLI, VIÐ HÖFUM GERT ÚR ÞESSU PRJÓNAMUNSTUR ÁÐUR EN ÞÁ Í SMÆRRI MYND.**

Andrea Magnúsdóttir



## Ekki „kúl" að eiga eftirlíkingu

En hvernig geta hönnuðir brugðist við ef þeim finnst hönnun þeirra hafa verið stolið? „Ég tel að það sé best að vekja athygli á þessum hlutum og vekja fólk til umhugsunar um hugverk. Það er einfaldlega ekki „kúl" að stela og alls ekki „kúl" að eiga eftirlíkingu. Í þessu tilfelli mun ég ekki gera neitt annað en að nota tækifærið til að koma mínu sjónarmiði á framfæri," útskýrir Linda.

Það skiptir Lindu máli að vekja athygli á alvarleika hönnunarstuldar þar sem stuldur getur haft töluverð áhrif á hönnuði. „Þetta getur skaðað fyrirtæki hönnuða, sérstaklega þegar stór fyrirtæki stela frá ungum hönnuðum sem hafa ekki mikil sambönd eða fjármagn. Í mínu tilfelli er ég að byggja upp vörumerkið Scintilla þar sem áhersla er lögð á framsækna grafík. Það getur skaðað mitt fyrirtæki að fólk úti í bæ sé að apa eftir minni hönnun og þannig að gera lítið úr henni. Ég bara vona að það verði ekki mikið af því í framtíðinni."




Húfur og treflar frá merkinu AndreA eru skreytt mynstrinu sem um ræðir.

## „Satt að segja brá okkur pínu"

En hver eru viðbrögð Andreu og grafíska hönnuðarins Óla, fólksins á bak við merkið AndreA, við þessum ásökunum? „Okkur þykir þetta leiðinlegt, þá einna helst hvernig staðið er að málum. Þetta mynstur er okkar, við erum búin að vinna með þetta í nokkur ár í mismunandi útgáfum. Við getum sýnt fram á hvernig þetta var unnið frá grunni. Það er fulllangt gengið að saka okkur um hugverkaþjófnað," segja þau Andrea og Óli sem hafa sjálf orðið vör við mynstur og flíkur sem svipar mikið til þeirra hönnunar. „En aldrei nokkurn tímann höfum við ákveðið að ganga fram með þessum hætti eins og Linda gerir. Satt að segja brá okkur pínu og okkur finnst skrýtið að fólk tali ekki saman áður en það fer á netið eða í fjölmiðla, en við höfum akkúrat ekkert á samviskunni."

„Við höfum unnið með mynstur af ýmsum toga í hönnun okkar allt frá upphafi. Umrætt mynstur er upprunalega fjaðrir eða afturendi á páfugli, við höfum gert úr þessu prjónamunstur áður en þá í smærri mynd og seinna í stærri skala, mynstrið á þessari peysu er svo enn eitt afbrigðið," segir Andrea spurð út í hvernig þetta tiltekna mynstur varð til.

„Það er okkar skoðun að fatahönnun á Íslandi eigi að byggja á samstöðu frekar en sundrung. Við viljum trúa því að allir séu að gera sitt besta og hafi alls engan áhuga á því að grafa undan vinnu annarra með þessum hætti, og þaðan af síður stunda þjófnað," segja þau Andrea og Óli. **gudnyhronn@365.is**







**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**

# JANÚARTILBOÐ



HÁMARK SÚKKULAÐI 330 ML
**299** KR/STK
906 KR/L



KIT KAT CHUNKY & CHUNKY PEANUT
**99** KR/STK
2357/2475 KR/KG



HLEÐSLA 250 ML
**249** KR/STK
996 KR/L



SMINT
**199** KR/STK
24875/3686 KR/KG

TORO BOLLASÚPUR
**129** KR/STK
4448/5864 KR/KG





HALLS 65 G
**399** KR/STK
6138 KR/KG



HÁLS MENTÓL 150 G
**299** KR/STK
1993 KR/KG

STJÖRNU FITNESS & EXTREME
**199** KR/STK
3015/3980 KR/KG



AMINO ENERGY 473 ML
**499** KR/STK
1055 KR/L





FOCACCIA PIZZA
**369** KR/STK

TILBOÐIÐ GILDIR ÚT JANÚAR

***Fljótlegt og þægilegt***

**REYKJAVÍK**
Laugalækur 9
Glæsibær
Austurstræti 17
Laugavegur 116
Lágmúli 7
Barónsstígur 4
Grímsbær
Héðinshús
Hjarðarhagi 47
Eggertsgata 24
Miklabraut 100
Kleppsvegur
Birkimelur 1
Bústaðavegur 20
Grjótháls 8
Suðurfell 4
Laugavegur 180
Við Vesturlandsveg
Borgartún 26
Bankastræti 11
Seljavegur 2

**KÓPAVOGUR**
Hjallabrekka 2
Dalvegur 20
Hagasmári 9

**HAFNARFJÖRÐUR**
Fjörður 13-15
Staðarberg 2-4
Melabraut 29
Reykjavíkurvegur 58

**GARÐABÆR**
Litlatún

**REYKJANESBÆR**
Hafnargata 55
Flugstöð Leifs Eiríkss.
Fitjar

**AKUREYRI**
Kaupangur

**AKRANES**
Skagabraut 43















**Anna sýnir verkið Konulandslag í Mengi á föstudaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Geri mig að kyntákni

**Anna Kolfinna Kuran**, dansari og danshöfundur, stundar mastersnám í Tisch School of the Arts í New York. Næstkomandi föstudag sýnir hún verkið Konulandslag í Mengi, en verkið er hluti af stærra langtímaverkefni sem hún hefur unnið í New York.

„Konulandslag er samansafn mismunandi verka sem öll heyra undir sama þemað. Ég hef verið að vinna að þessu verkefni í hálft ár, eða síðan ég flutti út til New York, ég er að skoða áhrif svokallaðs „catcalling“á kvenlíkamann. Catcalling er sem sagt þegar kallað er á eftir konum úti á götu. Ég varð hneyksluð á hversu mikil hefð virðist vera fyrir þessu úti og ákvað að nýta það sem innblástur til að vinna út frá. Það er mín skoðun að þetta fyrirbæri sé alltaf áreitni og eigi aldrei rétt á sér. Tilfinningin sem ég fæ í þessum aðstæðum er algjör hlutgerving, mér finnst ég verða að hlut eða líkamspörtum,“ segir Anna Kolfinna Kuran, dansari og danshöfundur, um sýninguna Konulandslag, sem hún vann í gestavinnustofu hjá Dansverkstæðinu.

Verkið verður sýnt föstudaginn 6. janúar í Mengi, en það er innblásið af upplifun Önnu Kolfinnu af því að vera kona í borginni, hvernig er komið fram við hana, hvar hún er sýnileg og hvar hún er ósýnileg.

„Catcalling hefur áhrif á hvernig ég klæði mig, hvernig mér líður, hvernig ég hreyfi mig og hvaða leið ég vel að fara. Þó að ég sé dansari að mennt vinn ég gjarnan með ólíka miðla, í Mengi sýni ég tvær ljósmyndaseríur, eitt vídeóverk og svo verð ég með gjörning. Í verkunum leik ég með að ýkja þessar tilfinningar, að hlutgera mig algjörlega – geri mig að kyntákni. Ég vinn ávallt mjög sjónrænt og leika því búningar og fagurfræði stórt hlutverk í verkunum,“ segir Anna og bætir við að hún vinni mikið með kvenímyndina og femínisma.

**CATCALLING HEFUR ÁHRIF Á HVERNIG ÉG KLÆÐI MIG, HVERNIG MÉR LÍÐUR, HVERNIG ÉG HREYFI MIG OG HVAÐA LEIÐ ÉG VEL AÐ FARA.**

Verkin eru hluti af stærra langtímaverkefni sem hún hefur unnið að sem hluta af námsdvöl sinni í New York síðan í júní 2016.

„Ég er enn þá í námi í Tisch School of the Arts sem er hluti af New York University. Ég á eina önn eftir og útskrifast núna í vor. Ég er að læra það sem heitir „Performance Studies“ og er þverfaglegt nám með aðaláherslu á fræði tengd gjörningum. Þá erum við aðallega að lesa, skrifa og greina gjörninga í mismunandi myndum,“ segir hún.

Þess má geta að Steinunn Ketilsdóttir, dansari og danshöfundur, útskrifaðist úr þessum skóla árið 2016. Hún hefur vakið talsverða athygli fyrir dansverk sín undanfarin ár, en á síðustu árum hefur orðið ákveðin vitundarvakning hvað varðar sjálfstæðar danssenur bæði hér heima og erlendis.

„Hér heima tel ég að það tengist náminu við LHÍ, en það þýðir einmitt að fólk hefur tækifæri til að mennta sig hérna heima og að bransinn hefur stækkað töluvert. Þetta er eilíf barátta en sjálfstæða danssenan hérna heima er sterk og full af metnaðarfullum hópum og einstaklingum sem eru dugleg að vekja athygli á vinnu sinni,“ segir Anna.

Innblástur að verkunum fær Anna úr ýmsum áttum, meðal annars úr poppmenningu, frá vinkonum og úr myndlist.

„Ég vinn mjög sjónrænt og er hið sjónræna iðulega útgangspunktur hugmyndavinnunnar. Svo má einnig nefna að Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona er mentorinn minn og eilífur innblástur í list og lífi – þó að við vinnum ólíkt þá er unaður að vinna með henni og læra af henni,“ segir Anna að lokum.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# NÁTTÚRUHLAUP

Arctic Running
og 66°Norður

66° NORÐUR

## Kynningarkvöld 4. janúar kl. 19:30
## í verslun 66°Norður í Faxafeni

Náttúruhlaup sameina mikla hreyfingu, útivist og náttúruupplifun og eru góð leið til að sjá landið á nýjan hátt. Námskeið ársins verða kynnt en um er að ræða stök námskeið, heilsársnámskeið og einnig nýtt námskeið fyrir fólk sem ætlar í Laugavegshlaupið.

- Hlaupaþjálfun og leiðsögn á vegum Arctic Running. Skipt í hópa eftir getu.
- Þjálfarar eru Elísabet Margeirsdóttir, Birkir Már Kristinsson, Gunnur Róbertsdóttir og Halldóra Gyða Matthíasdóttir.

Skráning og nánari upplýsingar: natturuhlaup.is og info@arcticrunning.is.





**Grettir hlaupabuxur**
Verð: 9.500 kr.
Anda einstaklega vel og teygjast á fjóra vegu.
Fást í herra- og dömusniði.





**66°Norður hlaupavesti**
Verð: 7.200 kr.
Hlaupavesti með endurskini.
Fæst í herra- og dömusniði.





**Vík Wind Pro léttir hanskar**
Verð: 5.900 kr.
Léttir vettlingar úr vindheldu efni
sem heldur hita og andar vel.

66north.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Kristínar Ólafsdóttur




## Ekki segja neinum

Í fyrradag, á erkimánudegi hins spánnýja árs 2017, fögnuðum við móðurbróðir minn hvort sínum áfanganum. Hann hélt upp á 70 ár af lífaldri og ég hélt upp á 11 ár af tíðablæðingum. Hipp, hipp og þrefalt húrra fyrir okkur, Himmi frændi.

Mér var þó ekki fögnuður í huga þennan tiltekna morgun fyrir 11 árum. Í fyrsta lagi vætlaði nú allt í einu blóð úr klofinu á mér og í öðru lagi áttaði ég mig á því hvað það felst mikið djöfulsins pukur í því að vera kona. Pukur, laumuspil og baktjaldamakk.

Það er nefnilega enn þá svolítið eins og starfsemi kvenlíkamans sé einhvers konar dulúðugt og bleiksatínbróderað leyndarmál sem enginn má tala um. Allt sem angar ekki af ilmvatni verður að fela. Ég fékk fyrsta dömubindið í hendurnar og það mikilvægasta í heiminum var að passa að strákarnir í bekknum sæju ekki að ég héldi á því í samankrepptum lófanum á leiðinni á klósettið. Og þetta pauf og þessi þöggun litar tilveru mína enn þá alveg óhugnanlega sterkt.

Í leikskóla var mér kennt að segja „pjalla“ en ekki „píka“ vegna þess að „píka“, hlutlaust heiti yfir kynfæri mín, var dónalegt orð. Fram á unglingsárin hélt ég að fæðingar gengju fyrir sig eins og í bíómyndum – þrifalega og snurðulaust – vegna þess að enginn sagði mér annað. Fyrsta þrívíddarmyndin af snípnum var ekki gerð fyrr en árið 2009 vegna þess að meira að segja læknavísindin þorðu ekki að hrófla við leyndarmálinu.

Nú hef ég farið á túr í 11 ár og á þessum 11 árum hefur blessunarlega margt breyst. Ekki alveg nóg samt. Við verðum að hætta að tala undir rós. Við verðum að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Við verðum að byrja að segja almennilega frá.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA · FRÁ ÁRINU 2000 ·
UMHVERFISMERKI 141 381

PAPPÍR
Við seljum umhverfisvænan pappír af öllum gerðum, þar á meðal ljósritunarpappír. Bjóðum sérskurð í þær stærðir sem henta. Þér er velkomið að líta við og finna þinn rétta pappír.
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is





*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS